

Veiðar dragast saman vegna stöðu markaða

Útgerðarmenn eru uggandi vegna lokaðra fersk-fiskmarkaða. Draga hefur þurft úr sjósókn, einmitt þegar farið var að birta til eftir mjög erfiðan vetur. Búist er við því að kalla þurfi skip heim í hafnir.

SJÁVARÚTVEGUR „Við getum sagt að 99 prósent af markaðinum fyrir ferskan fisk sé lokaður. Við höfum verið að bregðast við þessu með því að vinna í frystar afurðir og dregið úr í sókn í þorsk, sem fór að stórum hluta í ferskar afurðir áður,“ segir Ægir Páll Friðbertsson, framkvæmdastjóri Brims. „Við vinnum þetta dag frá degi. Nú síðast lokaði Bretland í viku og það er mjög mikilvægur markaður fyrir íslenskar sjávarafurðir.“

Á síðasta ári voru um 22 prósent af tekjum félagsins í ferskfisk-afurðum. Stærsta viðskiptalandið er Frakkland og þar er markaðurinn lokaður.

„Við erum að merkja verulega miklar breytingar og óvissan er mikil,“ segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Samherja. Fyrirtækið hefur dregið úr veiðum en reynt er þó að uppfylla þær þarfir sem eru til staðar, meðal annars með að sækja í aukategundir og frysta. Ekki hefur komið til þess að kalla skipin heim í land.

Markaðshrunið kemur nú einmitt á þeim tíma þegar skipin voru byrjuð að fiska vel aftur eftir erfiðan vetur. Heildarafli íslenska flotans fyrstu þrjá mánuði fiskveiðisársins, sem hófst í september, var 15 prósentum minni en árið áður. Fyrstu tveir mánuðir ársins voru einnig tugum prósentu undir síðasta ári, enda mikil bræla.



Veturinn er búinn að vera ein ótið.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Samherja

„Veturinn er búinn að vera ein ótið,“ segir Björgólfur. „En veiðin hjá okkur hefur verið ótrúlega góð miðað við það.“

Hvorki Samherji né Brim eru farin að huga að uppsögnum eða að nýta sér úrræði um skert starfshlutfall, enda hafi það ekki verið útfært fyrir fiskvinnsluna.

Þótt umtalsverð löndun hafi verið hjá togurum og skipum í Hafnarfjarðarhöfn undanfarið er búist við að breyting verði þar á á næstu dögum, það er að útgerðir fari að kalla skipin í land. Gera þurfi því viðeigandi ráðstafanir til að koma skipunum fyrir í höfninni án þess að raska þjónustunni.

„Við erum ekki með mikið af heimaflota hér en búum okkur samt undir þetta,“ segir Lúðvík Geirsson hafnarstjóri, en leggi útgerðir skipum sé það yfirleitt gert í heimahöfnum, sem eru flestar fyrir norðan og vestan. „Við höfum líka verið að þjóna mikið aferlendum skipum en þeim hefur ekki verið lagt í höfninni.“ kristinnhaukur@frettabladid.is

Myndlistarfólk uggandi

COVID-19 „Fólk hefur miklar áhyggjur af því að það er allt mögulegt í gangi, fólk er að leigja vinnustofu sem þarf að standa kostnað af þrátt fyrir enga sölu, engar sýningar og lokanir á söfnum bæði hérlandis og erlendis,“ segir Anna Eyjólfsdóttir, formaður Samtaka íslenskra myndlistarmanna.

Anna segir myndlistarmenn áhyggjufulla vegna þess ástands sem skapast hefur í samfélaginu vegna COVID-19 faraldursins. „Við sendum bréf til ráðherra þar sem við óskum eftir því að gripið verði inn í



Það má segja að við höfum verið að vinna okkur úr hruninu í tíu ár.

Anna Eyjólfsdóttir, formaður SÍM



því það er ljóst að grípa þurfi til rótækra aðgerða eigi að koma í veg fyrir varanlegt hrun í myndlistarstéttinni,“ segir hún. – [bdj / sjá síðu 2](#)




Útivist er ansi vinsæl nú á dögum samkomubanns sem verið hefur í gildi í tæpar tvær vikur. Fjölmarginir nýttu tækifærið í gær milli hriða og skelltu sér í Elliðaárdalinn, bæði til að hlaupa, hjóla og ganga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


AÐEINS 3.000 KR. LÁGMARK FYRIR HEIMSENDINGU EF PANTAÐ ER AF MATSÉÐLI

DOMINO'S HEIM

SÚKKULAÐIGOTT FYLGIR MEÐ ÖLLUM HEIMSENDINGUM
26.-29. MARS



Veður



Lægir smám saman, fyrst vestan til en norðvestan 10-18 austan til fram eftir degi og stöku el NA-lands. Hiti yfirleitt kringum frostmark, en annars frost 2 til 8 stig.

SJÁ SÍÐU 16



Birgir Jónsson, forstjóri Póstsins.

Ekki jafn slæmt og búist var við

VIÐSKIPTI „Við erum hálfpartinn búin að vera að búast við því að þetta leggist alveg af núna á síðustu dögum. En það hafa einhvern veginn alltaf opnast nýjar gáttir þannig að þetta hefur ekki alveg verið eins slæmt og við bjuggumst við,“ segir Birgir Jónsson, forstjóri Póstsins, um áhrif gríðarlegs samdráttar í farþegaflugi vegna COVID-19 faraldursins.

Birgir segir að auðvitað sé mikil fækkun í fjölda sendinga, sérstaklega hinum frægu Kínasendingum. „Það er samt eitthvað um þær enn. Þetta er svolítið eins og vatn, finnur sér einhverja leið.“

Hann viðurkennir að þótt ástandið sé ekki jafn slæmt og búast mætti við sé það langt frá því að vera eðlilegt. Notast sé við fraktflug og það áætluarflug sem enn sé farið. „Svo er það auðvitað sjófraktin sem er þó ekki nema einhverja viku á leiðinni. Þetta eru svona ýmsar leiðir.“

Samhliða fækkun sendinga að utan hefur orðið gríðarleg aukning í innlendra netverslun og útteyrslu í tengslum við hana. Verið sé að fjölga bílum og starfsfólki auk þess sem keyrðar séu varúðarráðstafanir og boðið upp á snertilaus viðskipti.

„Þetta er stórt fyrirtæki með marga starfsmenn úti um allt land. Hver dagur sem við náum að halda uppi þjónustunni er bara kraftaverk. Það er svona vertíðarstemning hjá okkur og fólk ætlar bara að láta þetta ganga.“ – sar

Gleðigjafar í gluggum



Hinn fimm ára gamla Vaka Geirsdóttir setti bangsann sinn út í glugga í gær til að gleðja gangandi vegfarendur. Íbúar um allt land hafa nú tekið upp á þessum skemmtilega sið og fara margar fjölskyldur í gönguferðir og telja hversu marga bangsa þær sjá á leiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tuttugu þúsund pinnar nothæfir

COVID-19 Íslensk erfðagreining hefur lokið við að prófa sýnatökupinna sem fyrirtækið Össur átti á lager og niðurstaðan er sú að pinnarnir séu vel nothæfir. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Íslenskrí erfðagreiningu.

Fyrsta gæðapróf Íslenskrar erfðagreiningar á miðvikudag á sýnatökupinum sem útvegaðir voru af íslenska fyrirtækinu Össuri, þóttu ekki gefa tilefni til bjartsýni og var talið að pinnarnir virkuðu ekki sem skyldi. Í tilkynningunni segir að gallar hafi verið á fyrstu prófun en eftir að prófanir voru endurteknar voru niðurstöðurnar marktækar.

Mikið var í húfi en um er að ræða 20 þúsund pinna, en skortur er á þeim á heimsvísu.

Í tilkynningunni kemur fram að næstu daga verði aftur prófað af fullum krafti fyrir COVID 19 í Turninum í Kópavogi. – kkg

Myndlist það fyrsta sem fólk sparar við sig

Formaður Samtaka íslenskra myndlistarmanna segir stéttina áhyggjufulla vegna áhrifa COVID-19 á afkomuna. Hún hafi farið illa í hruninu og nú taki önnur áskorun við. Útfærsla fjármuna til menningar verður kynnt bráðlega.

COVID-19 „Það má segja að það fyrsta sem fólk hættir að kaupa þegar það þarf að spara við sig sé myndlist, það sýndi sig í hruninu árið 2008,“ segir Anna Eyjólfsdóttir, formaður Samtaka íslenskra myndlistarmanna (SÍM).

Hún segir myndlistarmenn afar áhyggjufulla vegna þess ástands sem skapast hefur í samfélaginu vegna COVID-19 faraldursins. SÍM sendi í vikunni könnun á alla félagsmenn sína þar sem óskað var eftir að félagsmenn kysu um ráðleggingar frá félaginu til stjórnvalda um það hvernig mætti hjálpa listamönnum á meðan faraldurinn gengur yfir.

Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að félagsmenn séu flestir sammála um að nauðsynlegt sé að tryggja myndlistarmönnum atvinnuleysisbætur til móts við þann tekjumissi sem hlýst vegna faraldursins ásamt því að þeim sé veittur styrkur til rekstrar vinnustofu.

„Það má segja að við höfum verið að vinna okkur út úr hruninu í tíu ár. Árið 2018 fór markaðurinn að taka við sér og svo varð sprenging árið 2019 svo gerist þetta og allt hrynur aftur,“ segir Anna.

„Fólk hefur miklar áhyggjur af því að það er allt mögulegt í gangi, fólk er að leigja vinnustofu sem það þarf að standa kostnað af þrátt fyrir enga sölu, engar sýningar og lokanir á söfnum bæði hérlandis og erlendis,“ segir Anna og bætir við að SÍM leigi einnig út nítján vinnurými til erlendra listamanna og hljóti af því tekjur en að nú standi öll plássin tóm.

„Við sendum bréf til ráðherra þar sem við óskum eftir því að gripið verði inn í því að það er ljóst að



Anna Eyjólfsdóttir, formaður SÍM, segir myndlistarmenn rétt hafa verið sloppna frá áhrifum hrunsins þegar COVID-19 skall á. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Menningin hefur alltaf skipt Íslendinga miklu máli og sérstaklega á tímum sem þessum.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

gripa þurfi til róttækra aðgerða eigi að koma í veg fyrir varanlegt hrun í myndlistarstéttinni,“ segir Anna.

Í aðgerðaaætlun ríkisstjórnarinnar vegna COVID-19 er gert ráð fyrir 750 milljónum króna til að bregðast við þeim áhrifum sem faraldurinn kann að hafa á listir, menningu, íþróttir og æskulýðsmál.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og

menningarmálaráðherra, segir upphæðina sem sett sé í málaflokkinn álika því sem sjá meg á hinum Norðurlöndunum. Þá segist hún ánægð með hversu stór þáttur menning og listir séu í fyrstu viðbrögðum ríkisstjórnarinnar.

„Við erum að vinna að því núna í ráðuneytinu hvernig eigi að útfæra þetta fjármagn og um leið og Alþingi er búið að samþykkja þingsályktunartillöguna verður það kynnt,“ segir hún.

„Menningin hefur alltaf skipt Íslendinga miklu máli og sérstaklega á tímum sem þessum, segir Lilja. „Við höfum það auðvitað að leiðarljósi að nýta þau kerfi sem hafa reynst menningunni mjög vel og við höfum verið að þróa á síðustu árum.“ birnadrofn@frettabladid.is



Tryggðu þér bíl fyrir páskana

LÆKKAÐ VERÐ Á VÖLDUM BÍLUM

Gott úrval bíla fyrir ferðalagið. Tilboðin gilda til 8. apríl.  **NOTAÐIR BÍLAR**
Kynntu þér úrvalið á notadir.is

500.000 kr. afsláttur



33.600 kr.
afborgun á mánuði

mv. 50% útb. 7 ára lán,
árleg hlutfallstala kostnaðar
6,75%, heildargreiðsla
5.075.640 kr.

Verð nú
4.490.000 kr.
Verð áður 4.990.000 kr.

KIA SORENTO LUXURY
Árgerð 2016, ekinn 76 þús. km, dísil, 2199 cc,
200 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994488 Staðsetning: Klettháls

660.000 kr. afsláttur



32.847 kr.
afborgun á mánuði

mv. 50% útb. 7 ára lán,
árleg hlutfallstala kostnaðar
6,22%, vextir 4,95%
heildargreiðsla 5.001.634 kr.

Verð nú
4.490.000 kr.
Verð áður 5.150.000 kr.

MERCEDES-BENZ CLA 180 d
Árgerð 2018, ekinn 7 þús. km, dísil, 1461 cc,
109 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 993882 Staðsetning: Klettháls

330.000 kr. afsláttur



KIA
CEED LX
Árgerð 2016, ekinn 100 þús. km,
dísil, 1396 cc, 90 hö, beinskíptur,
framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994148 Staðsetning: Klettháls
Verð áður 1.720.000 kr.

1.390.000 kr.

240.000 kr. afsláttur



HONDA
CR-V LIFESTYLE
Árgerð 2013, ekinn 82 þús. km,
bensín, 1997 cc, 155 hö, sjálfskiptur,
framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994842 Staðsetning: Klettháls
Verð áður 2.590.000 kr.

2.350.000 kr.

200.000 kr. afsláttur



KIA
PICANTO LX
Árgerð 2015, ekinn 45 þús. km,
bensín, 998 cc, 66 hö, beinskíptur,
framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994314 Staðsetning: Klettháls
Verð áður 1.190.000 kr.

990.000 kr.

600.000 kr. afsláttur



MERCEDES-BENZ
MARCO POLO
Árgerð 2017, ekinn 95 þús. km,
dísil, 2143 cc, 191 hö, sjálfskiptur,
fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994634 Staðsetning: Bílajarninn Eirhöfða
Verð áður 8.290.000 kr.

7.690.000 kr.

400.000 kr. afsláttur



TOYOTA
LAND CRUISER 150 GX
Árgerð 2017, ekinn 86 þús. km,
dísil, 2755 cc, 177 hö, sjálfskiptur,
fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 440210 Staðsetning: Bílajarninn Eirhöfða
Verð áður 7.190.000 kr.

6.790.000 kr.

660.000 kr. afsláttur



MERCEDES-BENZ
B-Class 200 d 4MATIC
Árgerð 2017, ekinn 53 þús. km,
dísil, 2143 cc, 136 hö sjálfskiptur,
fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994282 Staðsetning: Klettháls
Verð áður 4.150.000 kr.

3.490.000 kr.

700.000 kr. afsláttur



MERCEDES-BENZ
GLC 220 d 4MATIC
Árgerð 2019, ekinn 5 þús. km,
dísil, 2143 cc, 170 hö, sjálfskiptur,
fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994357 Staðsetning: Bílajarninn Eirhöfða
Verð áður 9.690.000 kr.

8.990.000 kr.

400.000 kr. afsláttur



AUDI
A3 SPORTBACK E-TRON
Árgerð 2016, ekinn 44 þús. km,
bensín/rafmagn, 1395 cc, 150 hö,
sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994544 Staðsetning: Bílajarninn Eirhöfða
Verð áður 3.250.000 kr.

2.850.000 kr.

400.000 kr. afsláttur



KIA
SPORTAGE EX
Árgerð 2018, ekinn 106 þús. km,
dísil, 1995 cc, 136 hö, sjálfskiptur,
fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994850 Staðsetning: Bílajarninn Eirhöfða
Verð áður 3.690.000 kr.

3.290.000 kr.

400.000 kr. afsláttur



SSANGYONG
KORANDO HLX
Árgerð 2016, ekinn 55 þús. km,
dísil, 2157 cc, 178 hö, sjálfskiptur,
fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 440303 Staðsetning: Bílajarninn Eirhöfða
Verð áður 2.990.000 kr.

2.590.000 kr.

640.000 kr. afsláttur



BMW
X1 XDRIVE18D
Árgerð 2017, ekinn 71 þús. km,
dísil, 1995 cc, 150 hö, sjálfskiptur,
fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 390942 Staðsetning: Bílajarninn Eirhöfða
Verð áður 4.790.000 kr.

4.150.000 kr.

600.000 kr. afsláttur



TOYOTA
AVENSIS LIVE STW
Árgerð 2017, ekinn 48 þús. km,
bensín, 1798 cc, 147 hö, beinskíptur,
framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 993934 Staðsetning: Klettháls
Verð áður 2.890.000 kr.

2.290.000 kr.

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndavíxi

Siðanefnd sveitarfélaga vísaði frá máli bæjarfulltrúa Kópavogs

KÓPAVOGUR Siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga vísaði á dögunum frá máli Guðmundar Gísla Geirdal, bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi. Grundvöllur frávísunarinnar var að brotin tengdust ekki störfum hans fyrir bæinn. Þar sem áhöld væru um að athæfið félli undir siðareglur sveitarfélagsins gæti nefndin ekki tekið málið til efnislegrar meðferðar.

Guðmundur var í héraðsdómi

talinn hafa reynt að koma eignum undan þegar Sæling, útgerðarfélag hans, varð gjaldþrota. Var hann dæmdur til að greiða þrotabúið 50 milljónir króna auk dráttarvaxta. Kópavogsbær var meðal kröfuhafa.

Þrátt fyrir niðurstöðu dómsins ákvað Guðmundur Gíslí að sitja áfram sem bæjarfulltrúi og kvaðst ætla að áfrýja dóminum.

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi Pírata í Kópavogi, lagði fram

Burtséð frá öllum siðareglum þá tel ég alvarlegt að kjörinn fulltrúi standi ekki í skilum með opinber gjöld.

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi Pírata



fyrirspurn í bæjarstjórn í febrúar um hvort Guðmundur hefði mögulega gerst brotlegur við siðareglur kjörinna fulltrúa. Málinu var vísað til forsætisnefndar sem vísaði málinu áfram til siðanefndarinnar.

Sigurbjörg Erla kveðst hafa orðið fyrir vonbrigðum með frávísunina.

„Burtséð frá öllum siðareglum þá tel ég alvarlegt að kjörinn fulltrúi standi ekki í skilum með opinber gjöld, hvort heldur sem um ræðir þá

kröfu sem Kópavogsbær átti í þrotabúið vegna vangoldinna hafnargjalda, eða tekjuskatt sem var ekki greiddur af þeim fjármunum sem bæjarfulltrúinn tók út úr félaginu,” segir Sigurbjörg. Að hennar mati tekur þó siðanefndin ákveðna afstöðu með lokaorðum sínum. „Þar minnir nefndin á mikilvægi þess að kjörnir fulltrúar geri sitt besta til þess að passa upp á orðspor sitt,” segir Sigurbjörg Erla. – bp



Borgarráð kynnti aðgerðirnar sam-eiginlega í gær. MYND/REYKJAVÍKUR-

Boða aðgerðir vegna COVID

REYKJAVÍK Reykjavíkurborg mun grípa til ýmissa aðgerða til að bregðast við þeim aðstæðum sem uppi eru vegna COVID-19 faraldursins. Voru aðgerðir í þrettán liðum samþykktar einróma á fundi borgarráðs í gær.

„Markmið aðgerðanna er að stytta niðursveifluna eins og kostur er, verja lífsafkomu og lífskjör allra borgarbúa, styðja við endurreisn fyrirtækja og atvinnulífs og skapa á ný fjölbreytta og blómlega framtíð í lífsgæðaborg,” segir í tilkynningu frá borginni.

» Tillögurnar eru í þrettán liðum og miða að því að verja lífskjör borgarbúa og styðja við fyrirtæki.

Aðgerðirnar fela meðal annars í sér frestun, niðurfellingu eða lækkan gjalda fyrir heimili og fyrirtæki. Þá verður lækkan fasteignaskatts af atvinnuhúsnæði flýtt. Þá verður komið á fót sérstakri Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum.

Meðal aðgerðanna er einnig að finna úrræði og stuðning við ferðaþjónustu, nýsköpun, þekkingargreinar og skapandi greinar. Fjarfestingum og viðahaldi á vegum borgarinnar verður flýtt og ráðist í atak í uppbyggingu hagkvæms húsnæðis. –xx

Mikil röskun á öllu starfi Landspítala vegna COVID-19

Ýmsum speglunum, rannsóknum og aðgerðum hefur verið frestað á Landspítalanum og sum þjónusta liggur alveg niðri. Tímaviðkvæmar aðgerðir eins og þungunarrof og krabbameinsaðgerðir eru þó áfram gerðar. Fyrirséð er að biðlistar muni lengjast mjög mikið en spítalinn tekur stórt stökk í tæknivæðingu.

COVID-19 Röskun er á öllu starfi Landspítalans vegna COVID-19 faraldursins. Ýmsum speglunum og rannsóknum hefur verið frestað, sjúklingar færðir til og reynt að útskrifa sem flesta. Fjarfundarþúningur er notaður við viðtöl og sum þjónusta fellur alveg niður tímabundið. Þegar hefur verið greint frá því að skurðaðgerðum, sem geta beðið, verði frestað og má búast við því að biðlistar lengist mikið.

„Þetta hefur áhrif á alla starfsemi, alveg sama hvar borið er niður,” segir Hlíf Steingrimsdóttir, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs. Nefnir hún sem dæmi að ástandið hafi gríðarleg áhrif á legudeildarstarfsemi, sem hafi þurft að endurskipuleggja og meta á hverjum degi. „Sjúklingar eru fluttir til og rýmt fyrir þeim sem eru með COVID-19. Við reynum að útskrifa fólk eins og hægt er en allir sem þurfa þjónustu fá hana.”

Miklu hafi skipt að spítalinn hafi fengið aukarými í hjúkrunarheimilinu Hrafnistu við Sléttuveg í upphafi faraldursins.

Skilaboð bærast frá Landlækni og sóttvarnalækni að draga úr valkvæðum aðgerðum. Sem eigi ekki aðeins við skurðaðgerðir, heldur einnig speglanir svo sem í maga og ristli og inngrípsrannsóknir þar sem sýnatöku er þörf. Aðeins það allra nauðsynlegasta og brýnasta er framkvæmt, bæði skurðaðgerðir og speglanir tengdar krabbameini. Þungunarrof, sem eru tímaviðkvæmar aðgerðir, eru áfram framkvæmdar sem áður.

„Það er fyrirséð að biðlistar muni lengjast mjög mikið í flestum aðgerðaflökkum,” segir Hlíf. Þetta



Landspítalinn hefur hert reglur um gestakomur og dregið úr aðgerðum til að minnka umgang. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

velti þó á hversu lengi faraldurinn vari. Þá eru biðlistarnir sjálfir mislangir, voru til dæmis liðskiptabiðlistar ansi langir fyrir faraldurinn, eða fjórir til fimm mánuðir að staðaldri. Samkvæmt Landlæknisembættinu er áætlanlegur biðtími í aðgerðir þrír mánuðir.

Dæmi um þjónustu sem fellur alveg niður er PrEP móttakan. PrEP er forvarnarlyf gegn HIV sem um 140 samkynhneigðir karlmenn nota, en skoðanir á móttökunni eru skilyrði þess að fá að nota lyfið.

Hlíf segir að spítalinn sé að taka stökk í tæknivæðingu til að takast á við þessa áskorun og það hafi gengið vel hingað til. Hlutir eins og

» Það er fyrirséð að biðlistar muni lengjast mjög mikið í flestum aðgerðaflökkum.

Hlíf Steingrimsdóttir, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs



heimavítjanir séu enn þá gerðar en í auknum mæli sé verið að nota fjarþjónustu. „Á geðsviði er einnig í auknum mæli verið að taka fjarviðtöl í stað þess að sjúklingurinn mæti,” segir hún. „Bráðamóttakan er þó áfram opin og geðsviðið að sinna sínu hlutverki en með breyttu sniði.”

Þá hefur spítalinn þurft að breyta ýmsum reglum er varða komu fólks til að minnka umgang, til dæmis á fósturgreiningardeildinni. „Fósturgreining er áfram framkvæmd en aðeins hin verðandi móðir fær að koma en ekki aðstandendur,” segir Hlíf. „Þetta hefur oft reynst ansi þungbært.”

kristinnhaukur@frettabladid.is

Segir óheimilt að ýja að sekt Guðjóns

GEIRFINNSMÁL „Umbjóðandi minn er saklaus. Hann var sýknaður af ákæruatriðum í Hæstarétti í hitteðfyrri. Það er þar afleiðandi óheimilt að ýja að því að hann sé ef til vill ekki saklaus og byggja dóminn svo að einhverju leyti á því,” segir Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Guðjóns Skarphéðinssonar, en ríkið var sýknað af bótakröfu Guðjóns vegna Geirfinnsmálsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Ragnar segir að þeir sem lesi dóminn hljóti að skilja hann þannig að dómarninn telji Guðjón sekan þrátt fyrir sýknudóm Hæstaréttar. Í forsendum hans sé sýfellt ýjað að sekt þeirra sem sýknaðir hafa verið eftir endurupptöku málsins 2018. Það er harðbannað segir Ragnar og vísar til dóms MDE í máli gegn Austurríki frá árinu 2000. Í þeim dómi segir orðrétt:

„Þegar sýknað er með endanlegum dómi, óháð því hvort sýknað



Ragnar er ósáttur við dóminn sem kveðinn var upp í gær. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

er vegna sönnunarskorts með vísan til 6. gr. sáttmálans, fer það í bága við réttinn til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð, að svo lítið sem orða mögulegan grun um sekt, þar á meðal í sjálfum röksemdunum fyrir sýknudómi.” Markmið þessa réttar sé að vernda sakborning gagnvart dómsniðurstöðum eða

örðum yfirlýsingum stjórnvalda og embættismanna sem jafna megi til ályktunar um sekt án þess að hann hafi þá þegar verið fundinn sekur á grundvelli laga.

Ítarlega er fjallað um dóm héraðsdóms á frettabladid.is. Guðjón hefur þegar ákveðið að áfrýja honum til Landsréttar. – aa

VELDU GÆÐI!

Tilboð í mars.

2 fyrir 1 af
kleinuhringjum
allar helgar,
föstudaga til
sunnudaga.



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30

laugardaga 8.00 - 16.00

sunnudaga 9.00 - 16.00

.....

Austurströnd 14 • Hringbraut 35



www.bjornsebakari.is

Meira föstudags



15%
afsláttur



Snowdonia Black Bomber
Cheddar ostur
Frábær á hamborgarann

729 kr/stk



Smash Style hamborgarar

2 x 120 g

509 kr/pk
Verð áður 599 kr/pk



Sósar sem gera góðan
borgara betri

349 kr/stk



Euroshopper
kjúklingabringur 900 g

1.399 kr/pk



25%
afsláttur

Þarf
aðeins
að hita



Drumsticks, Piri piri BBQ,
Argentínu, buffaló og BBQ

1.199 kr/kg
Verð áður 1.599 kr/kg



20%
afsláttur



Oumph! - bollur, chunk, grill,
kebab og pulled

799 kr/pk
Verð áður 999 kr/pk



Páskaegg í úrvali
allar stærðir og gerðir



Páskaöl 330 ml

159 kr/stk



Salt skum og surt skum
fullkomin tvönnu

219 kr/pk



Dreifum álaginu - minnkum biðraðir

Við hvetjum viðskiptavini að nýta sér langan opnunartíma
eftirfarandi Hagkaups verslana:

- Skeifa og Garðabær - opið allan sólarhringinn.
- Spöng, Eiðistorgi og Akureyri - 08:00 til 00:00 alla daga.

HAGKAUP

Uppsagnir hjá Bláa lóninu

VIÐSKIPTI Bláa lónið hefur sagt upp 164 starfsmönnum vegna „fullkominnar óvissu um framhaldið“ eins og segir í tilkynningu frá fyrirtækinu. Þess verður freistað að verja sex hundruð störf en í febrúar var fjöldi starfsmanna 764.

Loka hefur þurft öllum starfs-

stöðvum Bláa lónsins vegna COVID-19 faraldursins og verður lokað til loka apríl hið minnsta. Í tilkynningunni segir að rúmlega fjögur hundruð starfsmönnum verði boðið að nýta sér tímabundin úrræði stjórnvalda um hluta-störf. – sar

Forsetakosningum ekki frestað en fylgst með

STJÓRNMÁL Forsetakosningum, sem fram eiga að fara 27. júní næstkomandi hefur ekki verið frestað en innan dómismálaráðuneytis er fylgst með stöðunni. Hefur þegar verið auglýst eftir framboðum, sem eigi að berast eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

„Þetta verður væntanlega skoðað þegar fram liða stundir. En það er skylda að auglýsa núna með þessum fyrirvara. Við tökum eitt skref í einu,“ segir Hafliði Helgason, upplýsingafulltrúi hjá dómismálaráðuneytinu.

Guðni Th. Jóhannesson forseti hefur einn tilkynnt framboð og gerði hann það í nýársávarpi sínu og komi ekki mótframboð verður hann sjálfkjörinn.

Þó að fresturinn sé fimm vikur þá eru vel flest framboðin komin fram löngu fyrir þann tíma. Enda þurfa frambjóðendur tíma til að kynna sig, ferðast um landið, halda fundi og safna meðmælum í öllum lands-



Við tökum eitt skref í einu.

Hafliði Helgason
upplýsingafulltrúi
dómismálaráðuneytisins



fjórðungum. Erfitt er að sjá hvernig slíkt sé hægt í 20 manna samkomubanni auk annarra hamlana, svo sem tveggja metra reglunnar.

Eflitið er til síðustu forsetakosninga, árið 2016, höfðu meðal annars Elísabet Jökulsdóttir og Hildur Þórðardóttir tilkynnt um framboð í janúar. Halla Tómasdóttir tilkynnti um sitt framboð 17. mars. Andri Snær Magnason og Sturla Jónsson 11. apríl. Guðni Th. Jóhannesson og Davíð Oddsson tilkynntu í byrjun maímánaðar. En þá eru ótaldir þeir sem síðar hættu við framboð. – khg

Afglöp þurfi að hafa alvöru afleiðingar

Umboðsmaður Alþingis skilar á næstunni álit í bréfaskriftamáli fyrrverandi ríkislögreglustjóra. Rithöfundurinn sem fékk bréfið segir að í öðrum lýðræðisríkjum hefði embættismanni verið víkið frá störfum vegna málsins.

STJÓRNSÝSLA Umboðsmaður Alþingis er á lokametrunum við að vinna álit um bréfaskriftir Haraldar Johannessen til Björns Jóns Bragasonar rithöfundar og Sigurðar Kolbeinssonar fjölmiðlamanns.

Þeir Björn Jón og Sigurður leituðu til umboðsmanns Alþingis vegna bréfa sem Haraldur sendi þeim á bréfsefni ríkislögreglustjóraembættisins í kjölfar umfjöllunar þeirra um efnahagsbrotadeild embættisins í bókinni Gjaldeyriseftirlitið sem kom út árið 2016. Sakaði hann þá um ólögmdæta meingerð.

Var það niðurstaða ráðuneytisins að óljóst væri hverra hagsmuna Haraldur hefði verið að gegna, embættisins eða sinna eigin. Haraldur lét af störfum í desember síðastliðnum, hljóðaði starfslokasamningur hans upp á 57 milljónir króna.

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, bað dómismálaráðuneytið um skýringar á hvers vegna Haraldur hafi ekki verið áminntur. Slapp Haraldur við áminningu eftir að hann baðast afsökunar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun álit umboðsmanns snúa að beitingu áminninga, þær séu stjórnunarúrræði sem hið opinbera sé orðið ofhrætt við að beita.

Tryggvi vill lítið segja annað en að málið sé á lokametrunum. „Þetta er í vinnslu og ég vænti þess að þetta verði birt á næstunni,“ segir Tryggvi. Björn Jón segir stjórn-



Haraldur Johannessen lét af störfum sem ríkislögreglustjóri í fyrra. Álit umboðsmanns verður skilað á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

kerfið hafa brugðist í málinu. „Það þarf að hafa raunverulegar afleiðingar þegar embættismenn gerast sekir um afglöp í starfi. Í því máli sem hér um ræðir setti æðsti yfirmaður löggæslu í landinu mál í lögreglubúning, mál sem gat aldrei orðið tilefni afskipta lögreglu,“ segir Björn Jón.

„Með aðgerðum ríkislögreglustjóra var vegið að borgaralegum réttindum mínum, tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs. Ég leyfi mér að fullyrða að í flestöllum öðrum vestrænum lýðræðisríkjum yrði misnotkun á embætti af þessum toga brottrekstrarsök.“

Björn Jón Bragason rithöfundur.


Hann setur stórt spurningamerki við hvers vegna Haraldur var ekki veitt áminning. „Hér brást dómismálaráðherra almenningi, brást mér sem borgara og hélt hlífiskildi yfir embættismanninum. Það minnsta sem ráðherra gat gert var að veita ríkislögreglustjóra áminningu en það var ekki gert.“

Þá þurfi að taka með í reikninginn að ríkislögreglustjóri er æðsti yfirmaður lögreglu með miklar valdheimildir. „Í því ljósi er enn brýnna en ella að gerðar séu strangar kröfur um vandaða stjórnsýslu-hætti og gripið til harðra úrræða ef frá þeim er víkið. Til að mynda ef borgari er beittur hótunum og öðru gerræði að ósekju eins og háttaði til í því máli sem varð tilefni kvörtunar minnar til umboðsmanns Alþingis.“ arib@frettabladid.is

Spá um fjölda virkra COVID-19 tilfella og inniliggjandi á sjúkrahúsum á Íslandi eftir aldri

Mynd 1


Frá 9. mars til 13. apríl.



Aldur

Dagleg aukning á tíðni staðfesta COVID-19 tilfella á hverja 1000 íbúa

Mynd 2



1. Lúxemborg	5. Austurríki	9. Frakkland	13. Tékkland	17. Ungverjaland	21. Lettland	25. Ísland	29. Albanía
2. Portúgal	6. Írland	10. Rússland	14. Belgía	18. Noregur	22. Búlgaría	26. Grikkland	30. Danmörk
3. Spánn	7. Sviss	11. Bretland	15. Holland	19. Rúmenía	23. Finnland	27. Slóvakía	31. Eistland
4. Þýskaland	8. Kóatía	12. Pólland	16. Ítalía	20. Serbía	24. Svíþjóð	28. Slóvenía	32. San Marínó

Leiðrétting á myndrænni framsetningu

Mistök urðu við vinnslu myndrænnar framsetningar á síðu 14 í Fréttablaðinu í gær, þar sem í aðsendri grein var fjallað um spálikan vegna COVID-19 faraldursins á Íslandi.

Við mynd 1 varð vixlun á tölum

yfir þá sem eru inniliggjandi á sjúkrahúsi og virkum tilfellum. Þá stóð „Innliggjandi á sjúkrahúsum - 50 ára og eldri í minnihluta“ en þar átti að standa „meirihluta“.

Við mynd 2 var dagleg aukning á

tíðni staðfesta COVID-19 tilfella á hverja 1000 íbúa á Íslandi merkt 22 prósent en átti að vera 18 prósent.

Ritstjórn Fréttablaðsins biðst velvirðingar á þessu og má sjá leiðréttingar á þessu og má sjá leiðréttingar gróf spálikansins hér fyrir ofan.

KRONAN

Mmm... bröns!

Þú finnur allt á einum stað í öllum okkar verslunum!

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

VERUM HEIMA OG VERSLUM Á ELKO.IS



LENGRI SKILARÉTTUR

Til að draga úr heimsóknum í verslanir höfum við framlengt skilarétt og ábyrgðir til 30. júní.



SJÁUMST Á NETINU

Vegna samkomubanns má búast við því að aðgangur að verslunum sé verulega takmarkaður. Við höfum því framlengt opnunartímann en hvetjum þig þó til að versla frekar á elko.is og fá vöruna senda heim.

Þú finnur allar okkar vörur á elko.is og færð sömu góðu þjónustuna í netspjallinu.



VERTU Í BANDI
544 4000

SENDU OKKUR LÍNU
ELKO@ELKO.IS



SPJALLAÐU VIÐ OKKUR





Ischgl er vinsæll skíðabær.

Rannsókn á smiti í Ischgl

AUSTURRIKI Sakamálarannsókn er hafin í Austurríki á því hvort starfsmaður á barnum Kitzloch í skíðabænum Ischgl, sem smitaður var af COVID-19, hafi orðið til þess að faraldurinn breiddist um Norður-Evrópu, þar á meðal til Íslands.

Kitzloch er þekktur fyrir fjöruga stemningu og svokallað „after-ski“ sem Íslendingar sem skíðað hafa í Ölpunum ættu að kannast við. Breska dagblaðið Telegraph hefur kafað djúpt ofan í málið að undanförunu og hefur birt myndband frá barnum frá því um miðjan janúar. Þar má sjá Darren Bland, breskan mann um fimmtugt sem mögulegt er að sé fyrsti Bretinn sem sýktist af COVID-19, gera sér glaðan dag í margmenni.

» Spjót hafa einnig borist af öðrum bar, sem og ýms-um leikjum sem stundaðir eru á börum.

Spjót hafa einnig borist að öðrum bar, sem og ýmsum leikjum sem stundaðir eru á börum. Þar á meðal leik þar sem þátttakendur skiptast á að hrækja borðtennisbolta ofan í björglas.

Hundruð smita í Þýskalandi, Nor-egi og Danmörku má rekja til Ischgl, einnig smit hóps Íslendinga. Nærri hálf milljón manna fara á skíði í Ischgl og á nálæg skíðasvæði árlega. Í byrjun mánaðarins vöruðu íslensk stjórnvöld við ferðum þangað og hefur sóttvarnalæknir gagnrýnt yfirvöld í Austurríki fyrir að taka fálega í viðvaranir. CNN segir að nærri vika hafi liðið frá því viðvörunin kom frá Íslandi þangað til börum í Ischgl var lokað.

Meira að segja eftir að barþjóninn var greindur með smit þá hafi sóttvarnayfirvöld á svæðinu ekki brugðist við. Saksóknarar í Innsbruck sendu frá yfirlýsingu um að verið sé að skoða hvort eigandi staðarins hafi leynt því að starfsmaðurinn væri smitaður. –ab



Matt Hancock heilbrigðisráðherra.

Leggja frítt í faraldrinum

BRETLAND Heilbrigðisstarfsfólk í Bretlandi þarf ekki að borga í stöðumæli á meðan COVID-19 faraldurinn gengur yfir. Matt Hancock, heilbrigðisráðherra Bretlands, sagði á miðvikudagskvöldið að ákvörðunin hefði verið tekin í kjölfar þrýstings almennings vegna álagsins sem fylgir faraldrinum.

Samkvæmt vef Johns Hopkins-háskóla voru hátt í 10 þúsund manns smitað af COVID-19 í Bretlandi, 465 hafa látið lífið og 142 orðið heilbrigð. Tilkynnt var í gær að fólk yrði sektað ef það fylgdi ekki fyrirmælum um að dreifa sér eða fara heim.

Meira en 400 þúsund undirskriftir söfnuðust á aðeins fjórum dögum um að heilbrigðisstarfsfólkkið ætti að fá að leggja frítt. –ab

Sýnataka á Vesturbakkanum



Starfsmaður palestínska heilbrigðisráðuneytisins tekur sýni vegna COVID-19 úr verkamanni nærri Hebron á Vesturbakkanum. Þeir sem hafa farið í sýnatöku hafa lýst þeirri tilfinningu að það sé eins og verið sé að krukka í heilann á þeim þegar pinnanum er stungið langt upp í nef. MYND/EPA

Eþiþþþmenn slíta viðræðum vegna vatnsaflsvirkjunar

Viðræður Eþiþþþmanna, Súðana og Egypta um stærstu vatnsaflsvirkjun Afriku hafa siglt í strand. Egyptar segja málið þjóðaröryggismál þar sem stíflan muni auka á vatnsskort í landinu. Eþiþþþmenn segjast hafa dregið sig úr viðræðunum þar sem tillögur Bandaríkjanna hafi verið á forsendum Egypta.

AFRIKA Stjórnmalasamband Eþiþþþu og Egyptalands hefur versnað til muna eftir að viðræður með milli-göngu Bandaríkjamanna um smíði vatnsaflsvirkjunar í ánni Níl sigldu í strand. Langvinnar deilur hafa verið á milli Eþiþþþu annars vegar og Súðana og Egypta hins vegar um stífluna, sem verður sú stærsta í Afriku og sú sjöunda stærsta í heiminum þegar hún á að vera tilbúin, eftir tvö ár. Ítalska byggingarfyrirtækið Impregilo, sem smíðaði Kárahnjúkastífluna, hefur umsjón með verkinu.

Smíði stíflunnar, sem er kennd við endurreisn Eþiþþþu eða GERD, hófst árið 2011 og stíflar Bláu Níl, sem er stærsta aðrennslisán í Níl á regntímabilinu. Alls renna um 49 milljarðar rúmmetra af vatni úr Bláu Níl í Níl árlega. Mun það taka um fjögur til sjö ár að fylla uppistöðulónið. Egyptar segja stífluna munu auka á vatnsskort í landinu.

Bláa Níl sameinast Hvítu Níl í Súðan. Inside Arabia hefur eftir Yasser Abbas, auðlindaráðherra Súðan, að áhrif stíflunnar verði bæði góð og slæm. Stíflan verði til þess að vatnsmagníð í Bláu Níl verði stöðugt en að sama skapi geti vatnsskortur haft neikvæð áhrif á bændur.

Egyptar hafa óttast stíflugerð í Eþiþþþu í hundruð, jafnvel þúsund-ir ára. „Ef vatnsmagníð minnkar um tvö prósent þá missum við 200 þúsund hektara af landi. Einn hektari er lifibrauð heillar fjölskyldu. Þetta er þjóðaröryggismál,“ sagði Mohamed Abdel Aty, auðlindaráðherra Egyptalands, við BBC. Skjöl sem Wikileaks birti árið 2012 bentu til að Egyptar og Súðanar hefðu lagt á ráðin með að sprengja upp stífluna, því hafa



Áætlað er að virkjunin geti framleitt um tíu sinnum meira rafmagn en Kárahnjúkavirkjun. MYND/EPA

bæði löndin hafnað opinberlega. Donald Trump Bandaríkjaforseti skipaði Steven Mnuchin fjármála-ráðherra að miðla málum milli Egypta, Eþiþþþmanna og Súðana. Fram kemur í miðlum í Eþiþþþu og Egyptalandi að Eþiþþþmenn hafi dregið sig úr viðræðunum þar sem tillaga Mnuchin sé einungis á forsendum Egypta. Segja ráðamenn í Addis Ababa nú að þeir hafi aldrei samþykkt milli-göngu Bandaríkjamanna.

„Þetta er hráskmið sem snýr einungis að einu máli, hvernig skuli veita vatni úr stíflunni á þurrkatímum,“ sagði Seleshi Bekele, auð-

Ef vatnsmagníð minnkar um tvö prósent þá missum við 200 þúsund hektara af landi. Einn hektari er lifibrauð heillar fjölskyldu.

Mohamed Abdel Aty, auðlindaráðherra Egyptalands



lindaráðherra Eþiþþþu, við þarlenda fjölmiðla.

Til stendur að byrja að fylla lónið af vatni í júlí næstkomandi. Fek-ahmed Negash, embættismaður í auðlindaráðuneyti Eþiþþþu, segir í samtali við tyrkneska miðilinn Anadolu að stíflan sjálf gæti leyst málið. „Ef það tekst að ná samkomu-lagi, þá fyllum við stífluna samkvæmt því. Ef við náum því ekki, þá munum við samt fylla stífluna og sýna þannig fram á að hún hefur lítil áhrif á vatnsmagníð. Virkjunin sjálf verður boðberi friðar og framþróunar í öllum löndunum þremur.“ arib@frettabladid.is



HÚSASMIÐJAN

Áreiðanleiki Þjónustulund Liðsheild

Við stöndum vaktina – opið um land allt

Virðum fjöldatakmörkanir og leiðbeiningar Almannaþingarinnar

Á tímum fordæmalausra aðstæðna vegna COVID-19 hefur Húsasmiðjan lagt áherslu á að halda virðisbætur fyrirtækisins sterkri þannig að við séum til taks og getum stutt viðskiptavinum okkar við daglegt líf ásamt því að taka þátt í að halda hjólum byggingariðnaðarins gangandi.

Styrkur Húsasmiðjunnar felst meðal annars í því að fyrirtækið rekur 16 bygginga-
vöruverslanir, fjórar á höfuðborgarsvæðinu og tólf á landsbyggðinni. Fagmenn,
einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir treysta á Húsasmiðjuna varðandi nauðsyn-
legar bygginga-, heimilis-, öryggis- og hreinlætisvörur.

Mikilvægi útibúanets Húsasmiðjunnar hefur margsannast þegar reynt hefur á. Vaktin hefur t.d.
verið staðin í öllum veðrum fyrir björgunarsveitir og viðbragðsaðila ásamt því að útibúin hafa
komið sér vel þegar náttúruhamfarir hafa orðið. Við höfum þjónustað fagmenn og einstaklinga
í framkvæmdum í rúmlega 60 ár og munum standa vaktina áfram.

Starfsmenn Húsasmiðjunnar átta sig á þeirri ábyrgð sem í því felst að verslanir fyrirtækisins hafa
sjaldan verið nauðsynlegri. Viðbragðsáætlun Húsasmiðjunnar hefur verið virkjuð og gripið til
margvíslegra ráðstafana til að lágmarka smíðaðu. Fjölda- og fjarlægðatakmörkana hefur verið
gætt í hvívetna í verslunum okkar og sálthreinsiefni eru til reiðu fyrir viðskiptavinum og starfsfólk.
Starfsmenn vinna á vöktum til að lágmarka líkur á hópsmiti. Vefverslun hefur jafnframt verið eflað
og símasala aukin. Búið er að svæðisskipta stærri verslunum ásamt því að vöruhús og bílstjórar
fyrirtækisins starfa eftir hertum sóttvarnareglum.

Um leið og við bjóðum alla velkomna í Húsasmiðjuna biðjum við viðskiptavinum um að
virða fjölda- og fjarlægðamerkingar, sóttvarnarleiðbeiningar og sýna framlínustarfs-
fólki okkar skilning. Saman vinnum við að því að sigrast á COVID-19 með því að fylgja
leiðbeiningum yfirvalda og Almannaþingarinnar í hvívetna.

Verið velkomin í Húsasmiðjuna
16 verslanir um land allt ásamt vefverslun

Afgreiðslutímar eru á husa.is



SKOÐUN

Ótroðnar slóðir



Hörður
Áegisson
hordur@frettabladid.is

Öll vopnin eru nú dregin fram hjá seðla-bönkum heimsins til þess að sporna við efnahagsáhrifum kórónaveirufaraldursins. Sá íslenski er þar engin undantekning og nýtur þess að vera ekki með vextina við núllið, eins og mörg önnur ríki, og að vera rétt að byrja í beitingu óhefðbundinna stýritækja. Aðgerðir og framganga seðlabankastjóra gefa skýrt til kynna að sveigjanleiki verði hafður að leiðarljósi og bankinn muni vera óhræddur við að feta sig inn á áður ótroðnar slóðir. Ákvörðun um að hefja bein kaup á ríkisskuldabréfum fyrir allt að 150 milljarða, í því skyni að fjármagna mikinn hallarekstur ríkissjóðs, var nauðsynleg til að halda niðri skuldabréfavöxtum og tryggja lausafé í umferð svo vaxtalækkunar skili sér betur til fyrirtækja og heimila. Fyrirséð er að umfang kaupanna verður aukið og þá hlýtur að koma til greina að bankinn kaupi einnig fleiri skuldabréfaflokka.

Allt atvinnulífið glímir nú við lausafjárskort. Fyrirtæki geta ekki staðið við sínar skuldbindingar, meðal annars gagnvart bönkunum, og allir eru samtímis að reyna að komast yfir það reiðufé sem býðst við þessar aðstæður. Afleiðingin er sú að fjármagn verður dýrara fyrir þá sem það þurfa. Þrátt fyrir að búið sé að aflétta sveiflujöfnunaraukanum og lækka bindiskylduna, aðgerðir sem auka verulega svigrúm bankanna til útlána, þá er óvist að hversu miklu marki það fjármagn sem losað er um mun miðlast áfram út í hagkerfið. Líklega er þörf á enn umfangsmeiri og markvissari ráðstöfunum, með ríkari aðkomu hins opinbera, til að vinna gegn þessari lausaffjárþurrð og koma þannig í veg fyrir að fyrirtækin dragi saman seglin og segi upp fólki í stórum stíl á komandi vikum og mánuðum.

Samkvæmt dekkri sviðsmynd Seðlabankans má gera ráð fyrir fimm prósentu samdrætti í landsframleiðslu og um sjö prósentu atvinnuleysi á árinu. Sú sviðsmynd, sem er ekki spá en á að gefa hugmyndir um hve mikil efnahagsáhrif faraldursins geta orðið, er vafalítið of bjartsýn. Gangi hún eftir, en aðeins er gert ráð fyrir um fjögurra prósentu samdrætti í einkaneyslu, yrði það varnarsigur. Raunhæfara er að ætla að efnahagssamdrátturinn geti orðið um tíu prósent og atvinnuleysið sömuleiðis. Innlend neysla er að dragast stórkostlega saman og ferðabjónustan, sem stendur undir 40 prósentu, af gjaldeyrissköpun þjóðarbúsins, er að leggjast alfarið af um nokkurra mánaða skeið.

Forystuleysi ríkisstjórnarinnar hefur réttilega verið gagnrýnt. Núna hefur það breyst. Það hefur verið traustvekjandi að sjá forystumenn hennar, einkum fjármála- og efnahagsráðherra, stíga fram og tala með hreinskiptnum hætti um vandann og þá gríðarlegu óvissu sem er til staðar, en um leið undirstrika að þau muni gera það sem til þarf. Slík skilaboð skipta máli. Við skulum samt hafa það hugfast að allir aðgerðarpakkar stjórnvalda, sama hversu umfangsmiklir þeir eru, geta aðeins mildað höggið en ekki látið það hverfa. Við stöndum eftir sem áður frammi fyrir djúpri kreppu, en vonandi aðeins skammvinnri. Sterk staða þjóðarbúsins, ásamt þeim kostum sem fylgja því að vera með okkar eigin mynt, mun hjálpa okkur að komast í gegnum þennan skafll skjótt og örugglega.

Við skulum hafa það hugfast að allir aðgerðarpakkar stjórnvalda, sama hversu umfangsmiklir þeir eru, geta aðeins mildað höggið en ekki látið það hverfa.

Halldór



Frá degi til dags

Heims-endingar

Það var vel til fundið hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur að benda í gær á reglur um að til að geta ekið mat heim til fólks, sem er í lögboðinni sóttkví og fleirum sem heima sitja í faraldrinum, þurfi sérstakt starfsleyfi. Reglurnar sem vísað er í lýsa kröfum sem gerðar eru. Bilar þurfa að vera með kælibúnað, hitakassa eða -töskur. Sérstaklega er bannað að nota einkabífreiðar við heimkeyrsluna. Þetta þýðir þá að fjöldi þeirra veitingastaða sem hafa verið að fæða fólk úti um allt, þurfa annað hvort að hætta því eða senda inn umsókn til eftirlitsins til þóknanlegrar meðferðar.

Það er stórvarasamt að menn séu að aka tilbúnum mat um götur bæjarins í alls konar farartækjum. Jafnvel hættulegra en COVID-19.

Úr sambandi

Nú liggur ekki fyrir hvort eftirlitið hafði sérstakt tilefni til að áréttta þetta. En óhætt ætti að vera að ganga út frá því að ekki sé verið að gera fólki erfiðara fyrir í heimavistinni en nauðsynlegt er. Opinberir aðilar hafa kynnt alls konar tilslakanir í þessu ástandi, frestað greiðslum, ábyrgst lán og laun að hluta og hvað eina. Áhrif þeirra hljóta að ná til þess að kippa þessari reglu úr sambandi, svona rétt á meðan mesta farið gengur yfir.

Kaupum íslenskt!



Guðrún
Hafsteinsdóttir
formaður Samtaka iðnaðarins

Við erum flest að upplifa tíma sem eiga sér ekki hliðstæðu í okkar fortíð. Nú á öðrum degi strangara samkomubanns heyrir maður um hvert fyrirtækið á eftir öðru sem skellir í lás og slekkur ljósin, í bili vonandi. Vágesturinn er ekki útþensla fjármálakerfisins eins og var fyrir tólf árum heldur óþekkt veira sem dreifir sér meira en góðu hófi gegnir. Við öll höfum notið leiðsagnar frábærs fólks frá almannavörnum, Landlæknisembættinu, heilbrigðisstarfsmönnum sem og vísindafólki okkar ásamt fleirum. Fyrirmælin eru skýr. Höldum okkur heima, takmörkum samskipti, gætum hreinlætis. Allt þetta felur í sér að daglegt líf okkar hefur riðlast sem aftur hefur áhrif á ýmsar atvinnugreinar svo sem hárgreiðslustofur, snyrtistofur, líkamsræktarstöðvar, verslanir, veitinga- og kaffihús, leigubíla, ferðabjónustufyrirtæki og svo mætti lengi telja. Við erum í raun að upplifa efnahagslegar hamfarir. Í ljósi þess getum við öll lagt okkar af mörkum til að reyna að milda skellinn og vernda störf og fyrirtæki hér á landi.

Ég hvet ykkur því til að styðja við atvinnustarfsemi í ykkar nærumhverfi. Margir veitingastaðir eru opnir með 20 manna takmörkunum og margir veitingastaðir senda mat heim eða afhenda í bílinn. Bakariin okkar eru opin og bjóða okkur upp á nýbökud brauð á hverjum degi. Blómabúðirnar eru opnar og fátt gleður meira en fallegur blómvöndur. Margar íslenskar verslanir selja í gegnum netið og senda heim. Svo eru fjöldamörg matvælafyrirtæki hér á landi sem eru þjóðhagslega mikilvæg og tryggja matvælaöryggi okkar landsmanna. Þar er nú víðast unnið dag og nótt til að ekki verði skortur á mat.

Verum þess minnug nú sem aldrei fyrr að ábyrgð fylgir hverjum kaupum. Með kaupum á íslenskri vöru og eða þjónustu erum við að tryggja atvinnu á Íslandi. Ég færi minar krónur í þínar hendur og svo koll af kolli. Með kaupum á íslenskri vöru og þjónustu er ég að styðja við það samfélag sem ég hef kosið að búa í og samfélagið verður aldrei meira en það sem ég er reiðubúin að leggja til þess.



Með kaupum á íslenskri vöru og eða þjónustu erum við að tryggja atvinnu á Íslandi.

Er dyggðaröskun yfirvofandi?

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Það voru ákveðin tímamót í mínu lífi þegar ég eignaðist fyrstu Levi's gallabuxurnar mínar í kringum 15 ára aldur. Þetta var fyrsta varan sem ég eignaðist sem ég vissi hvað hét. Hún hafði sumsé þann eiginleika að merki-miðinn hafði merkingu.

Þetta var líka skrytinn tilfinning því ég hafði alltaf haft algjöran ímugust á hvers konar snobbi. En þó var ég farinn að átta mig á því að þessi munaðar-varningur hafði eitthvað lúmskt og einkennilegt aðdráttarafl. Þegar ég gerði grín að „Levi's snobburum“ þá fann ég að mig var farið að langa til þess að ganga í þeirra hóp. Og þegar ég loksins steig þetta skref þá leið mér örlítið eins og ég hefði svikið hugsjón.

Ég reyndi að réttlæta þessi sinna-skipti mín fram og til baka með ýmsum hætti. Buxurnar voru vandaðar og virtust falla nokkuð vel að mér. Það var jafnvel ekki óhugsandi að sniðið hefði eggjandi áhrif á stelpurnar, en það veitti svo sannarlega ekki af því að beita öllum tiltækum ráðum í þeim efnum. Svo var það nú orðið þannig að það var undantekning fremur en regla að halda sig við „ómerkilegan fatnað“. Það voru nánast allir aðrir byrjaðir að ganga í Levi's. En á hinn bóginn vissi ég innst inni að ég var að ljúga að sjálfum mér. Buxurnar myndu auðvitað engu breyta um sjálfan mig og með því að byrja að velta fyrir mér hvernig saumarnir á rassvösum gallabuxna sneru þá var ég auðvitað byrjaður að meta fólk út frá allt öðrum gildum en mér höfðu verið kennd.

En smám saman vandist þetta. Eftir því sem tíminn leið hætti hugmyndin um að kaupa merkjavöru að vera framandi og fór að verða regla frekar en undantekning.

Heimurinn breytist

Mig grunar að það sé alls engin heimsósómabölmóður að halda því fram að veruleg breyting á gildismati hafi orðið á undanförunum áratugum á Íslandi og Vesturlöndum öllum. Að sumu leyti er breytingin frábær; við erum örugglega miklum mun opnari fyrir því sem er nýtt og öðruvísi, skiljum betur að fólk getur verið ólíkt og leggjum okkur fram um að koma í veg fyrir einelti, áreitni og ofbeldi sem áður fyrr fékk við að krauma afskiptalaust í samfélaginu. En að sumu leyti hefur riðlunin á gildismati leitt okkur á varhugaverðar brautir.



Þetta er auðvitað ekki séríslenskt. Dýrkun á yfirborðssegurð og auð-söfnun er áreiðanlega lengst gengin í landinu sem kaus yfir sig táknmynd smekklausrar ofneyslu í þeirri trú að þeir sem eru ríkir hljóti líka að vera gáf-aðir. Sú sturlaða staðreynd að maður á borð við Donald Trump hafi verið frambjóðandi og náð kjöri sem forseti í bandarísku samfélagi er ekki bara vísbending um að einhvers konar siðrof geti átti sér stað, heldur líklega stað-festing á því að það hafi þegar orðið. Þar í landi eru peningar mælikvarðinn á alla mannkosti, og það nánast álitin skylda að gera sér pening úr öllu því sem hægt er að gera sér pening úr.

Þetta hugarfar gegnsýrir Bandaríkin. Fyrir okkur sem fylgjumst vel með bandarískum íþróttum er til dæmis hvítleitt að hátt hlutfall umfjöllunar um íþróttir snýst um laun leikmanna og möguleika þeirra til þess að ná sem bestum samningum. Stjórnmalamennirnir þar virðast nánast allir ofur-seldir þeirri hugsun að það sé skylda þeirra að verða ekki bara valdamiklir í störfum sínum heldur líka vellauðugir, eins og sést á því að nokkrir amerískir þingmenn hafa orðið uppvisir að því að nýta sér trúnaðarupplýsingar um veirufaraldurinn til þess að tímasetja viðskipti með hlutabréf. Manni verður nánast óglatt yfir græðginni og firringunni. Siðleysið og syndarmennskan er algjör.

Vöndum okkur

Svo við snúum aftur að gallabuxunum þá er það að sjálfsöögðu ekki svo að merking á vörum sé í eðli sínu slæm. Og það er mjög gagnlegur eiginleiki

markaðarins að gerður sé greinar-munur á vörum eftir gæðum þeirra. Það er hins vegar mikill munur á því hvort maður laðast að tilteknu merki vegna þess að það hefur í raun eigin-leika sem skipta máli (fegurð, ending, þjónusta, gæði) eða einfaldlega til þess að láta merkið sjálft gefa merki um að maður sjálfur sé merkilegur. Þá er hætt við að maður byrji smám saman að vera merkilegur með sig. Leiðin í skeytingarleysið og eiginhagsmunasemina styttest þegar manngreinarálitið byggist á flottræfilshætti og snobbi. Þá er hætt við að samliðan og samstaða með öðrum manneskjum fari smátt og smátt forgörðum.

Um þessar mundir, í óvissunni og niðursveiflunni vegna COVID-19, eru margar jákvæðar hliðar að koma í ljós sem hugsanlega mynda mótvægi við slíka brenglun á siðferðismati. Allir Íslendingar hljóta að fyllast auknu þakklæti í garð heilbrigðisstarfsfólks, kennara, afgreiðslufólks í verslunum, sjómanna, iðnaðarfólks, listafólks, góðra blaðamanna, vandaðra stjórnmálamanna og yfirvegaðra yfirvalda. Þótt misjafn sauður sé í mörgu fé þá kemur bersýnilega í ljós í svona aðstæðum, að þegar öllu er á botninn hvolft þá þarf samfélagið á ótrúlega fjölbreyttum hópi fólks að halda og við verðum að geta treyst á skyldurækni, metnað og förnfýsi alls konar fólks.

Leiðtogar borða síðastir

Eins og aðrir í samfélaginu horfast atvinnurekendur í augu við niðurskurð og óvissa tíma. Þeim er vitaskuld vorkunn því erfiðar ákvarðanir blasa við þeim. Stjórnvöld eru að leggja mikið



Kannski er tækifæri í öllu þessu áfalli til þess að hefja til virðingar merkilegri gildi heldur en merkimiða á töskum, klæðnaði og bílum.

á sig til þess að hjálpa fólki að halda vinnunni í gegnum tímabundin áföll og ýmsar leiðir hafa verið kynntar til þess að beita samtryggingu ríkisvaldsins til stuðnings við fyrirtækin í landinu. Fyrir þetta hljóta forsvarsmenn fyrirtækja að vera þakklátir.

Mér finnst líka blasa við að atvinnurekendur og stjórnendur fyrirtækja sem þiggja slíka aðstoð hljóti að taka forstjóra Ícelandair sér til fyrirmyndar. Þeir hafa augljóslega skyldu til þess að ganga fram með góðu fordæmi með því að skera verulega niður í sínum eigin launum og hlunnindum áður en þeir skerða kjör óbreyttra starfsmanna eða leita á náðir ríkissjóðs.

Enginn raunverulegur leiðtogi hugsar fyrst um sína eigin hagsmuni þegar hættu eða óvissa stöðjar að. Ef við erum öll saman í þessu þá þurfa sérstaklega þeir sem hafa það best, og njóta bæði virðingar og efnahagslegra forréttinda, að vera tilbúnir að sýna förnfýsi og samstöðu.

Litum upp til þeirra

Nú gæti sú þróun orðið í samfélaginu að það þyki ekki lengur eins flott að vera „flottur á því“. Kannski er tækifæri í öllu þessu áfalli til þess að hefja til virðingar merkilegri gildi heldur en merkimiða á töskum, klæðnaði og bílum.

Öllum er nefnilega að sjálfsöögðu alveg sama hvort kennararnir okkar, fólkið í almannavörnum, hjúkrunarfræðingar, læknar og löggjafar eiga flotta bíla eða hvort það á dyr húsgögn. Svona tímar minna okkur á að líta upp til þeirra sem standa sig vel og eru góðar manneskjur, fólks sem lætur stjórnast af vandvirkni og metnaði, en ekki ásældni og snobbi. Það væri nefnilega litil huggun í allri merkjavörunni og fallegu veraldlegu mununum ef við gætum ekki treyst á hvert annað til þess að sinna hvert sínu hlutverki af ræktarsemi, alúð og metnaði.

Þetta flytur sig ekki sjálft!

(Nýir atvinnubílar á langtímaleigu koma hreyfingu á hlutina)

SIXT

langtímaleiga



Verð frá:
63.900 kr. á mán án vsk.
Verð með vsk. frá: 79.236 kr. á mánuði.

Pantaðu bílinn á [sixtlangtímaleiga.is](https://www.sixtlangtímaleiga.is).

Innifalið í langtímaleigu:

- ☒ Tryggingar og gjöld
- ☒ Dekk og dekkjaskipti
- ☒ Þjónustuskoðanir
- ☒ Hefðbundið viðhald

Sixt langtímaleiga einfaldar reksturinn

Kynntu þér kosti langtímaleigu á [sixtlangtímaleiga.is](https://www.sixtlangtímaleiga.is) eða hafðu samband við viðskiptastjóra Sixt í síma 540 2222 eða á vidskiptastjori@sixt.is.

SPORT

Fyndin augnablik úr enska boltanum

Nú þarf að gleðjast og brosa og rifja upp gömul en gleðileg augnablik úr enska boltanum. Hver man ekki eftir Ali Dia, Andre Marriner að ruglast á leikmönnum Arsenal eða allar stundirnar með Jimmy Bullard. Við söknum öll enska boltans og fótboltans almennt.

**100 metra fagn**

Emmanuel Adebayor, skoraði fyrir Man. City, gegn sínum gömlu félögum með frábærum skalla. Í staðinn fyrir að vera kurteis hljóp hann allan völlinn til að fagna fyrir framan stuðningsmenn Arsenal sem áður elskuðu hann. Um leið varð hann sá hataðasti og er líklega enn. En spretturinn var góður og eftirminnilegur.

**Hálfleiksraðan**

Á öðrum degi jóla árið 2008 var Hull að tapa 4-0 gegn Man. City og stjóri Hull, Phil Brown, hugsaði að það besta í stöðunni væri að taka hálfleiksraðuna sína úti á velli. Í miðjuhringnum. Jimmy Bullard gerði hana svo enn eftirminnilegri með því að leika ræðuna.

**Henti sér niður**

Hollendingurinn Louis van Gaal kom við á hliðarlinunni hjá Man. Utd um stund. Gegn Arsenal í febrúar 2016 var hann eitthvað ósáttur við Mike Dean dómara og ákvað að leika það sem hann sá. Henti sér í jörðina og setti upp svip sem aldrei gleymist.

**Lína í nefið**

Robbie Fowler svaraði stuðningsmönnum Everton sem höfðu móðgað hann með að hann hefði notað eiturylf og sniffaði línuna eftir að hann skoraði. Þóttist taka hana í nefið. Hann fékk 60 þúsund punda sekt fyrir sniffið sem hann borgaði með glöðu geði.

**Vítaklúðrið**

Thierry Henry og Robert Pires eiga myndnustu vítaspyrnu allra tíma í enska boltanum. Árið var 2005 og andstæðingurinn Manchester City. Þeir félagar ætluðu að spila úr vítinu og vera svalir en það klúðraðist illilega og þeir urðu heldur skömmustulegir eftir að vitið fór í vaskinn.

**Slagsmál samherja**

Lee Bowyer og Kieron Dyer voru samherjar í Newcastle en gegn Aston Villa sprakk eitthvað þeirra á milli og þeir slógust eins og hundur og köttur fyrir framan allan heiminn. Newcastle var að tapa leiknum 3-0 og fóru þeir félagar með rifnar treyjur og sært sjálfstraust inn í klefa. Þeir fengu háar sektir og langa dóma og urðu að athlægi fyrir hegðun sína.

**Skallaði leikmann**

Vissulega er ofbeldi aldrei fyndið en Alan Pardew, sem þá var stjóri Newcastle, skallaði David Meyler leikmann Hull í andlitið. Pardew var bara svolitill grínkall þannig að þetta telst fyndið en aðallega sorglegt.

**Strandboltamark**

Liverpool spilaði við Sunderland í norðrinu þar sem ungur stuðningsmaður Liverpool kastaði strandbolta út á völl. Sunderland var í sókn sem endaði með skoti Darrens Bent. Boltinn fór í strandboltann svo Pepe Reina átti ekki nokkra möguleika á að verja.

**Rann á rassinn**

Steven Gerrard á tvær tilnefningar. Kóngur Liverpool á þessum tíma, rann gegn Chelsea og Demba Ba skoraði. Liverpool var á góðri leið að vinna titilinn 2014 og þó fallið kostaði liðið ekki beint titilinn var þetta helsta ástæðan fyrir því að titillinn endaði ekki á Anfield.

**Stutt gaman**

Aftur er komið að Gerrard. Að þessu sinni fékk hann rautt eftir 38 sekúndur. Gerrard hafði byrjað á bekknum gegn Man. Utd en kom inn á í hálfleik. Þegar Ander Herrera kom askvaðandi steig Gerrard á kappann og var rekinn í það. Takk fyrir komuna.



FÖSTUDAGUR 27. MARS 2020

Lífsstíll

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Rebekka Sif Stefánsdóttir og samnemendur hennar hafa þurft að nýta nýjar leiðir til samskipta vegna samkomubannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Spennt að hitta fólk aftur

Ritlistarneminn Rebekka Sif Stefánsdóttir segir það hafa komið henni á óvart hvernig nemendurnir hafa kynnst á nýjan hátt við óvenjulegar aðstæður. ➡2



Rebekka heldur áfram að plana dagskrá Blekfjelagsins þó að nú neyðist fólk að nýta netið til að hittast en hún líkt og aðrir hefur þurft að aðlagast óvæntum aðstæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Frá því Rebekka var lítil stelpa hefur hana dreymt um að verða söngkona og rithöfundur. „Ég var alltaf að syngja og skrifa jafnt. Ég var með mjög háleita drauma þegar ég var krakki,“ segir Rebekka hlæjandi.

Það fór þó þannig að skriffin viku aðeins fyrir tónlistinni þegar hún varð unglingur og ung kona. „Ég fór að einbeita mér meira að tónlistinni, gaf út plötu með frumsömdu efni og var alltaf að skrifa lagatexta. Ég geymdi rithöfundardrauminn ofan í skúffu á meðan og átti þar fullt af smásögum og alls kyns efni,“ segir hún.

Rebekka var þó ekki búin að

gefa drauminn upp á bátinn. Hún kláraði almenna bókmenntafræði í háskólanum og tók ritlist með sem aukafag. „Þar fékk ég útrás fyrir skriffin og dáðist að meistaranáminu í ritlist úr fjarska. Mig langaði rosalega mikið í það en þegar ég kláraði bókmenntafræðina sótti ég ekki um. Ég sá eftir því í heilt ár og sótti loks um ári seinna og komst inn. Ég var ótrúlega ánægð með það. Þá lagði ég tónlistina á hilluna í smástund og ég hef verið að einbeita mér að því að skrifa síðan. Það er búið að vera yndislegt. Þetta er ótrúlega skapandi og skemmtilegt nám.“

En nú eru komnir upp ansi sérstakir timar og fyrir háskólanema í fagi þar sem mikil áhersla er lögð á að allir nemendur mæti í tíma og taki þátt í umræðum

var fjarnám talið óhugsandi af mörgum í fyrstu. „Tímarnir í einum kúrsinum eru þannig að við sendum vikulega inn texta. Ákveðnir textar eru svo teknir fyrir og hópurinn ræðir þá ásamt kennaranum. Fólk hélt að þetta myndi alls ekki virka í gegnum netið. En svo í síðustu viku þegar við neyddumst til að prófa þetta þá gekk allt alveg rosalega vel,“ segir Rebekka.

Gaman að sjá aðra hlið á samnemendum

„Það sem kom mér mest á óvart er að fólk sem talaði ekki mikið í tíma talaði mun meira í gegnum netið. Kannski er eitthvað við það að vera heima og vera með smá fjarlægð sem gerir það að verkum að fólk finnst þægilegra að tjá sig. Þó að þetta sé ópersónulegt þá verður þetta einhvern veginn líka persónulegra. Allir eru í náinni mynd, við stórum öll beint á tölvuna og erum rosalega meðvituð um að fólk er að horfa á mann.“

Ritlistarhópurinn notar fjarfundaforrit sem heitir Zoom. Nemendurnir sitja allir heima hjá sér við tölvurnar sínar með kveikt á myndavélinni svo þeir eru allir í nærmynd.

„Það eru 20 nemendur í tíma svo það eru 20 litlar myndir á skjánum. Þetta verður svolítið persónulegra en í skólanum á þann hátt að við sjáum heim til hinna. Við sjáum bakgrunninn, listaverkin á veggjunum eða bækurnar. Það eru auðvitað margir sem sitja fyrir framan bókahillurnar sínar. Mér finnst æði að sjá aðra hlið á samnemendum mínum á þennan

Þar fékk ég útrás fyrir skriffin og dáðist að meistaranáminu í ritlist úr fjarska. Mig langaði rosalega mikið í það.

hátt, það er líka skemmtilegt að sjá nærmyndir af öllum og viðbrögð þeirra þegar textarnir eru lesnir,“ segir Rebekka. Hún segir þó að hún myndi frekar velja að hitta fólk ef það væri mögulegt.

Rebekka segir að þessi nýja kennsluaðferð hafi opnað augu hennar fyrir nýjum möguleikum í náminu. „Við höfum stundum verið að fá gestakennara til Íslands, til dæmis frá Bandaríkjunum. En núna þegar við erum búin að prófa þetta kerfi þá sé ég fyrir mér að það væri hægt að fá smíðjur í fjarkennslu gegnum netið frá kennurum sem eru jafnvel hinum megin á hnettinum. Það væri spennandi.“

Grjóthörð að finna lausnir

Ásamt því að sinna náminu af kappi gegnir Rebekka stöðu formanns Blekfjelagsins, félags meistaranema í ritlist. Hún segir nemendurna hafa fundið lausnir á því hvernig hægt er að halda félagslífinu gangandi meðal ann-

ars með fjarfundaforritinu.

„Við erum með hlaðvarp sem heitir Blekvarpið. Við ætlum að vera eins dugleg með það og við getum. Fá fólk til að taka upp heima hjá sér og senda til okkar. Þetta eru þættir þar sem við spjöllum um ákveðið ritlistartengt þema, fáum efni frá ritlistarnemum og ræðum það. En svo ætlum við að nýta okkur Zoom, forritið sem við notum í fjarkennslunni, til að hittast og vera með samskrif í gegnum það. Áður vorum við með vikuleg samskrif og ég sé núna að það er vel hægt að flytja þau yfir á netið.“

Samskrif virka þannig að nemendurnir hittast, skrifa í fimmtán mínútur, deila svo textunum með hinum, ef þau vilja, og ræða hvað má bæta og hvað var gott við textann. Svo skrifa þau aftur í fimmtán mínútur og svo koll af kolli.

„Þetta eru mjög skemmtileg kvöld og ég er fegin að við getum notað netið til að halda áfram að hittast og skrifa. Samkomubannið er alveg út vorönnina svo við missum af öllum kennslutímum út önnina. Í einum kúrsinum erum við reyndar að fara að gefa út smásagnasafnið Möndulhalla í vor og þar er því planað útgáfuhófi í maí. Það verður bara að koma í ljós hvort það verði. Ég þekki eitt ljóðskáld sem var að gefa út ljóðabók í vikunni og hún hafði bara upplestur í beinni á Facebook í staðinn fyrir að halda útgáfuhófi. Mér finnst við öll vera grjóthörð í að reyna að finna leiðir saman til að bjarga hlutunum. En ég er samt mjög spennt að fá að hitta fólk aftur.“

Tarkett
Vinylparket
MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER

ALFABORG
- allt á gólfð -

Skútuvoigi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður:
Torg ehf
Jóhanna Helga
Viðarsdóttir


Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördis Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Smáforrit

FÖSTUDAGUR 27. MARS 2020

Kynningar: Stólpi, Stefna




Aur

Strætó

Dominos

Lottó

EK



við smíðum
bægindi
fyrir notendur

Pórunnartún 2, 105 Reykjavík
stokkur@stokkur.is



Verkapp STÓLPA

Það stýttist nú óðum í að STÓLPI gefi út nýtt app fyrir allar tegundir snjallsíma sem gerir notendum kleift að stofna verk, skrá tíma, efni og akstur með einföldum og öruggum hætti.


Bókhalds- og upplýsingakerfið STÓLPI hefur lengi verið þekkt meðal annars fyrir öflugt verkbókhalð og tímaskráningar sem skilar sér í ítarlegum eða samandregnum sölureikningi til viðskiptavina. Guðmundur Ingi Hauksson, forstjóri STÓLPA, segir appið bæði fljótvirkt og öruggt. „Skráningar skila sér samstundis inn í bókhalds- og upplýsingakerfið Stólpa þar sem skráningar eru yfirfarnar áður en endanlegur sölureikningur er gefinn út.“

Notendavænt og einfalt
Appið hæfir öllum gerðum verk-efna. „Appið hentar öllum sem þurfa að halda utan um verk eða verkefni sem fyrirtækið vinnur að fyrir viðskiptavinum sína, hvort sem það eru iðnaðarmenn, verktakar, arkitektar, hönnuðir, lögfræðingar, endurskoðendur eða aðrir sem þurfa að halda utan um verk eða verkefni. Appið er mjög notendavænt og einfalt í notkun,“ skýrir


Guðmundur Ingi frá. Appið auðveldar notendum að halda utan um allar skráningar sem annars eiga á hættu að gleymast. „Í dag er orðið nauðsynlegt að geta skráð jafnóðum vinnutíma, akstur, efni, tæki eða útlagðan kostnað sem fer í hvert og eitt verk. Notendur appsins eiga mjög auðvelt með að sjá yfirlit yfir allar skráningar sínar fyrir daginn, vikuna eða mánuðinn og því minnkar verulega sú hætta, að skráningar gleymist. Einnig er hægt að fá yfirlit yfir öll opin verk eða skoða eldri lokað verk og þannig getur notandi fengið gott yfirlit yfir það sem áður hefur verið gert.“
Það eina sem þarf er snjallsími. „Auðvelt er að taka myndir með snjallsímanum og hengja á verkið. Hvort sem það er mynd af sölu-reikningum á aðkeyptu efni eða útlögðum kostnaði, mynd af framvindu verks eða annað sem þarf að mynda í tengslum við verkið,“ segir Guðmundur Ingi.



Guðmundur Ingi Hauksson, forstjóri STÓLPA. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Appið er afar notendavænt.



Einfalt og öruggt utanumhald.

» Í dag er nauðsynlegt að geta skráð jafnóðum vinnutíma, akstur, efni, tæki eða útlagðan kostnað við hvert verk.

„Appið getur skannað strika-merki með myndavél snjallsímans til að flýta fyrir skráningum en einnig er auðvelt að leita í sölu-skrá eftir vörunúmeri og/eða vörulýsingu í söluskrá félagsins svo skráningar séu einfaldar og fljótlegar. Appið vistar GPS-staðsetningar á hverri skráningu ef notandi heimilar slíkt sem hægt er að skoða á korti.“

Auðveld og skýr yfirsýn
Þá nýtist appið verkstjórum við gerð reikninga. „Verkstjóri getur úthlutað verkum á starfsmenn, sent þeim skilaboð og séð yfirlit yfir nýtingu þeirra. Verkstjóri getur einnig yfirfarið og lagfært skráningar, yfirfarið kostnað og arðsemi verksins áður en endanlegur sölureikningur er gefinn út. Við útgáfu sölureiknings sendist hann sjálfkrafa sem rafrænn reikningur með eða án sundurliðunar á skráningum verksins sem viðhengi við reikninginn. Reikninginn er auðvitað einnig hægt að senda sjálfkrafa sem PDF-skjal með tölvupósti eða prenta út og senda með dýrum og seinlegum sniglapósti eins og áður.“
Enn fremur er hægt að nota appið til þess að reikna út laun. „Launakerfið í STÓLPA fær jafnframt yfirlit yfir skráða tíma hjá hverjum starfsmanni og reiknar laun hans í samræmi við samning hans, hvort sem starfsmaður er á tímakaupi, í mælingakerfi eða á föstum launum.“
Appið verður tilbúið á komandi vormánuðum.

Með skólann í símanum

Mentor-appið er himnasending fyrir nemendur og foreldra sem í samkomubanninu nú þurfa að halda vel utan um heimavinnu sína og góð samskipti við skólann. Von er á ýmsum nýjungum.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Mentor-appinu var strax tekið fagnandi og kemur sér einstaklega vel nú í samkomubanninu þegar svo margir þurfa að sinna heimanámi í meiri mæli og halda vel utan um heimavinnu og samskipti við kennara og skóla, segir Elfa Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri InfoMentor.
Foreldrar og forráðamenn íslenskra skólabarna þekkja vel vefsíðuna Mentor.is sem er sniðin að þörfum nemenda og aðstandenda svo að allir geti nálgast upplýsingar frá skólanum á skýran og einfaldan hátt.
„Það er auðvelt að sækja Mentor-appið í App Store eða Google Play og allir geta nýtt sér appið með því að skrá sig inn á Mentor með eigin kennitölu á svæðum nemenda eða aðstandenda, sem eru að einhverju leyti ólík. Þar geta aðstandendur til dæmis sent öðrum aðstandendum tölvupóst, skráð inn leyfi og veikindi, og nemendur skráð inn sjálfsmat á sínu eigin svæði,“ útskýrir Elfa.

Nýtt myndaapp á leiðinni
Með Mentor-appinu hafa nýlega bæst við fleiri möguleikar fyrir notendur.
„Við sendum nýverið út

handbók fyrir aðstandendur og jafnframt handbók fyrir nemendur. Á næstunni kemur svo út nýtt myndaapp og ástundunarapp fyrir kennara og þá geta kennarar skráð ástundun í gegnum síma eða spjaldtölvu,“ upplýsir Elfa.
Til að setja upp appið í farsíma þarf notandi að vera með notendanafn og lykilorð við höndina, skrá sig inn á Mentor og fylgja leiðbeiningum á skjá.
„Mentor-appið er mikið þarfaþing og auðveldar allt aðgengi að upplýsingum. Hver og einn notandi getur stillt hvort hann vilji fá tilkynningar þegar nýjar skráningar koma inn eða hvort hann vilji fá yfirlit skráninga í lok dags, og til að skoða skráninguna þarf eingöngu að smella á hana og er þá viðkomandi kominn inn á sitt svæði í Mentor,“ útskýrir Elfa.
Í Mentor-appinu blasa við aðgengilegir reitir í mismunandi litum.
„Hver og einn litur inniheldur ákveðnar upplýsingar og má strax sjá yfirlit um hve mikið er þar á bak við og hvort eitthvað nýtt hafi bæst við frá því síðast þegar notandi skráði sig inn. Fjöldi mislitu reitanna getur verið mismunandi eftir skólum en framan við nafn nemendans er tilkynningabjalla og með því að smella á hana birtist yfirlit yfir nýjar færslur,“ upplýsir Elfa.
Sannkölluð hjálparhella
Það er einfalt að búa til flýtleið



Elfa er framkvæmdastjóri InfoMentor. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

í símanum að InfoMentor. Með flýtleiðinni þarf aðeins að smella á táknið og slá inn PIN-númer til að komast inn. Nemendur og aðstandendur geta virkjað PIN-númer sem þeir nota til að skrá sig inn í stað þess að vera með notendanafn og lykilorð.
„Í Mentor-appinu er auðvelt að nálgast vikuáætlun yfir heima-vinnu, upplýsingar og skilaboð frá kennurum og hægt er að fletta fram í tímann til að skoða áætlanir fyrir komandi vikur og velja daga í stundaskrá nemenda til að sjá hvernig kennslu verður háttað á ákveðnum dögum,“ upplýsir Elfa.
Á tengiliðalista Mentor er hægt að velja á milli bekkjarlista, sem

» Á næstunni kemur út nýtt myndaapp og ástundunarapp fyrir kennara sem þá geta skráð ástundun í gegnum síma eða spjaldtölvu.

innihalda nöfn nemenda, og starfsmannalista skólans.
„Hægt er að senda tölvupóst á báða þessa lista, hvort heldur hóp eða einstaklinga. Aðstandendur geta svo stýrt sýnileika sínum á listanum í gegnum stillinga-personuvernd á Minn Mentor, en ef aðstandandi er með lokað á birtingu berst honum ekki tölvu-

póstur innan kerfisins. Til að senda póst þarf að haka við allan hópinn eða nöfn einstaklinga sem eiga að fá póst, til dæmis þegar bjóða þarf í afmæli eða minna á bekkjarskemmtun,“ útskýrir Elfa.
Kennarar geta lagt rafræn próf fyrir nemendur í gegnum InfoMentor og hægt er að skoða námslotur nemenda sem geta verið fyrir mislóng tímabil en innihalda allt sem við kemur kennslu í viðkomandi fagi.
„Undir flípanum Fréttir birtast almennar fréttir frá skólanum en einnig fréttir sem eiga eingöngu við bekkinn. Þá sjást verkefni sem nemendur eiga að vinna í skólanum eða leysa heima undir flípanum Verkefni. Þar er gagnlegt að hafa góða yfirsýn yfir hversu mörg verkefni bíða nemandans og þegar búið er að leysa verkefnið er einfaldlega hakað við og merkt að því sé lokið,“ segir Elfa um lítið brot af handhægum upplýsingum í Mentor-appinu, en þar má einnig finna Námsmat fyrir viðmið, námsmarkmið og verkefni, og Námsmöppu sem geymir ýmis gögn sem tilheyra nemandanum, svo sem myndir, sýnishorn af verkum hans eða vitnisburðarskírteini.
„Mentor-appið nýtist bæði nemendum og forráðamönnum þeirra vel og allir geta fylgst með framvindu námsins, mætingu, viðburðum og því sem er ætlast til af nemendum í skólastarfinu með einu klikki í símanum,“ segir Elfa.



Langflestir viðskiptavinir Greifanst nota pöntunarvefinn eða appið til að panta mat.

Helmingur pantana í gegnum netið

Veitingastaðurinn Greifinn á Akureyri hefur nýtt sér pöntunarkerfi Stefnu á vef sínum í mörg ár. Kerfið einfalt og vinsælt meðal viðskiptavina sem flestir nýta vefinn eða app til að panta mat.

Veitingastaðurinn Greifinn var einn af fyrstu viðskiptavinum hugbúnaðar fyrir tækisins Stefnu en staðurinn hefur notað pöntunarkerfi þeirra frá árinu 2007 en kerfið er í stöðugri þróun. Arinbjörn Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Greifans, er mjög ánægður með samstarfið en nú á næstu dögum fer í loftið nýr vefur sem Stefna hefur verið að vinna fyrir veitingastaðinn.

„Reynsla okkar var sú, að strax á fyrsta árinu var helmingur pantana farinn að berast gegnum vefinn og á innan við tveimur árum var talan komin upp í 70 prósent. Árið 2012 var svo búið til app svo hægt væri að panta í gegnum snjallsíma. En þá voru vefsíður ekki eins notendavænar fyrir síma og í dag og appið því betra. Í dag fara flestar pantanir í gegnum appið,“ segir Arinbjörn. „Nýi vefurinn er aftur á móti skalanlegur fyrir öll tæki svo þú finnur litinn mun á því hvort þú ert í appinu eða á vefsíðunni.“

Arinbjörn segir að samstarfið við Stefnu hafi alltaf verið mjög náð. „Við höfum verið með sama forritara frá upphafi en það eru mikil verðmæti í því fyrir okkur. Við höfum nánast haft beint aðgengi að forritara ef það er eitthvað sem við viljum láta laga og ef það eru einfaldari verkefni þá er það sent á hjálparborðið hjá Stefnu og verkefnin eru leyst hratt og örugglega. En við getum líka bætt inn sjálf tilboðum og réttum á matseðilinn án þess að það þurfi að fara í gegnum Stefnu. Notendaviðmótið er mjög þægilegt.“

Arinbjörn segist sannarlega geta mælt með pöntunarkerfi Stefnu. Það sé einfalt og þægilegt í notkun og sveigjanleikinn mikill. „Ég mæli líka klárlega með Stefnu sem fyrir-tæki. Við hefðum ekki verið í við-

skiptum við þá allan þennan tíma nema við værum ánægð með þá.“

Matseðilinn á netið á viku

Á þessum sérstöku tímum hefur Stefna ákveðið að bjóða eigendum veitingahúsa pöntunarvef sinn með flýtimeðferð. Stefna hefur áralanga reynslu af uppsetningu og rekstri á pöntunarkerfi veitingastaða. Með flýtimeðferðinni geta eigendur veitingahúsa og matsölustaða nú fengið tilbúinn pöntunarvef frá Stefnu á einni viku.

Þjónustan er hugsuð til að eigendur veitingastaða geti brugðist við breyttri hegðun viðskiptavina vegna heimsfaraldursins. Viðskiptavinir kjósa margir að panta mat á netinu og sækja eða fá matinn heimsendan frekar en að setjast inn á veitingahús. Með því að bjóða upp á að panta mat á netinu verður veitingahúsið aðgengilegt fyrir fólk í sóttkví eða fólk sem vegna ástandsins kys að halda sig heima.

Pétur Rúnar Guðnason, markaðsstjóri hjá Stefnu segir að ástæða þess að Stefna geti boðið upp á svona snögga þjónustu sé að pöntunarkerfið sé þegar til. Það eina sem þarf að gera er að setja upp logo fyrirtækisins, setja inn matseðilinn og mögulega að setja upp prentara á veitingahúsunum svo pantanirnar berist.

„Viðskiptavinurinn getur skráð sig inn á vefinn með sms-i og hann fær svo sms þegar maturinn er tilbúinn. Það er hægt að bjóða viðskiptavinum upp á að breyta réttum, sleppa einhverju eða bæta við, allt eftir því hvað veitingastaðurinn leyfir. Eins er hægt að setja upp valmynd fyrir sérstök tilboð,“ segir Pétur.

Eigendur veitingastaðanna senda matseðilinn til Stefnu sem

 Veldu botn, sósu, álegg og sérsníðaðu þína Greifapizzu	Margarita Lítil: 1.240.- Miðstærð: 1.520.- Stór: 1.670.- PANTA	Hawaii Skinka, Ananas Lítil: 1.850.- Miðstærð: 2.220.- Stór: 2.740.- PANTA	Milano Nautahakki, Pepperoni álegg, Sveppir, Laukur, Græn pipar Lítil: 2.640.- Miðstærð: 2.920.- Stór: 3.810.- PANTA
Venezia Beikon, Egg Lítil: 1.900.- Miðstærð: 2.280.- Stór: 2.830.- PANTA	Verona Skinka, Paprika, Sveppir, Laukur Lítil: 2.410.- Miðstærð: 2.860.- Stór: 3.720.- PANTA	Pepperoni Pepperoni álegg, Paprika, Sveppir, Laukur Lítil: 2.410.- Miðstærð: 2.860.- Stór: 3.720.- PANTA	Amerikana Nautahakki, Paprika, Sveppir, Laukur Lítil: 2.410.- Miðstærð: 2.860.- Stór: 3.720.- PANTA
Pepperoni veisla Pepperoni álegg, Ex. Ostur, Chili Lítil: 2.180.- Miðstærð: 2.600.- Stór: 3.320.- PANTA	Al fuego Pepperoni álegg, Laukur, Ex. Ostur, Chili, Jalapeno Lítil: 2.410.- Miðstærð: 2.860.- Stór: 3.720.- PANTA	Ostaveisla Piparoskur, Gráðasukur, Parmesan, Rífsgei (til hlíðar) Lítil: 2.080.- Miðstærð: 2.480.- Stór: 3.140.- PANTA	La Gondola Skinka, Pepperoni álegg, Ananas Lítil: 2.180.- Miðstærð: 2.600.- Stór: 3.320.- PANTA

Pöntunarvefurinn býður upp á ýmsa möguleika og er einfaldur í notkun.

setur hann inn á pöntunarvefinn. „Það eina sem við sjáum ekki um er að keyra matinn heim,“ segir Pétur.

„Það er engin þóknun fyrir hverja pöntun, viðskiptavinir okkar borga bara mánaðargjald til Stefnu og þurfa ekki að hafa áhyggjur af öðrum kostnaði. Rekstrarmódelið er því veitinga-

húsaeigendum í hag hvað varðar fjölda pantana. Kunninn borgar bara verð samkvæmt matseðli en svo er það undir staðnum komið hvort hann rukki fyrir heimsendingu. Það er hægt að skilgreina mismunandi verð á heimsendingu eftir pósnúmerum til dæmis. Það fer bara allt eftir því hvað veitingastaðurinn ákveður sjálfur.“



Arinbjörn Þórarinnsson er ánægður með samstarfið við Stefnu.

Strax á fyrsta árinu var helmingur pantana farinn að berast gegnum vefinn og á innan við tveimur árum var talan komin upp í 70 prósent.

Pétur segir að pöntunarkerfi Stefnu bjóði upp á mikinn sveigjanleika. Kerfið er íslenskt og hugvitið á bak við það líka. Auk Greifans á Akureyri hafa ýmsir veitingastaðir notað pöntunarkerfi stefnu með góðum árangri. Má þar nefna Saffran, Sprett-Inn, KK restaurant og Múlakaffi veisluþjónustu.

Hægt er að hafa samband við Stefnu og óska eftir pöntunarvef í síma 464 8700 eða í gegnum netfangið sala@stefna.is.

Stefnumótaapp aldrei vinsælla

Davíð Örn Símonarson og Ásgeir Vísir Jóhannsson gáfu út stefnumótaappið The One í fyrra-sumar. Síðan þá hafa nokkur þör orðið til en appið er aðgengilegt öllum sem eru 18 ára og eldri.

Elín
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Þegar Davíð Örn var spurður hverjir nýti þetta app, svarar hann: „Allir þeir sem eru tilbúnir að finna ástina, einhvern til þess að eyða ævinni með. The One hjálpar fólki að kynnst og er frábrugðið öðrum öppum þar sem lögd er rík áhersla á samtal við tengingarnar, það er „Matches“. Það þýðir að við hjálpum fólki að hefja samtal með ýmsum áhugaverðum og skemmtilegum leiðum, eins og með spurningaleik, setningum sem brjóta ísinn og hreyfimyndum. Til þess að gera þetta enn auðveldara geta notendur skoðað mjög skemmtilega prófíla tenginganna sinna með hinum ýmsu upplýsingum. Við hönnuðum The One fyrir alþjóðlegan markað og það er einungis á ensku til að byrja með. Notendur geta hins vegar talað hvaða tungumál sem þeim sýnist sín á milli. Appið er hannað og forritað hér á landi,“ segir Davíð.

Núna þegar ríkir samkomubann í landinu er forvitnilegt að vita hvort svona app sé meira notað en áður þegar fólki er ráðlagt að halda sig heima og



Davíð Örn Símonarson og Ásgeir Vísir Jóhannsson hönnuðu stefnumóta-app í fyrra en vinsældir þess hafa farið í hæstu hæðir núna þegar samkomubann ríkir í landinu.

MYND/THE ONE

LOTTÓ APPIÐ!

HAFÐU HEPPNINA MEÐ ÞÉR Í SÍMANUM!



Náðu þér í happaapp þjóðarinnar!

Lottó appið er þegar búið að skila mörgum og stórum vinningum til þjóðarinnar. Appið er auðvelt og þægilegt í notkun og þar er miðinn þinn öruggur hvernig sem viðrar. Náðu þér í happaappið sem allir eru að tala um! Nánar á lotto.is



APPIÐ OKKAR

viðhalda ákveðinni fjarlægð við samborgarana. „Það kemur ekki á óvart að notendur sæki í meiri mæli í öpp eins og The One. Við höfum í raun aldrei séð eins mikla notkun og niðurhal og síðustu daga og erum alsæl með að geta aðstoðað fólk í leit að ástinni þrátt fyrir erfiðleikana sem við stöndum nú frammi fyrir. Við vitum að það hafa orðið til sambönd í gegnum appið en það er þó mjög erfitt fyrir okkur, eins og gefur að skilja, að mæla það nákvæmlega. The One er frítt og aðgengilegt í App Store og Google Play,“ útskýrir Davíð.

Þegar hann er spurður hvort þetta sé líkt Tinder sem margir þekkja, svarar hann að hið eina sem þessi tvö öpp eigi sameiginlegt sé að hjálpa einhleypu fólki að kynnst. „Tinder er langvinsælasta stefnumótaappið og var það löngu áður en The One kom til sögunnar. Áherslur Tinder eru á skyndikynni en The One reynir frekar að hjálpa fólki að komast í samband. Mjög stór hluti notenda stefnumótaappa notar fleiri en eitt app enda uppfylla öppin ólíkar þarfir. Þú getur vel stundað skyndikynni þó að samhliða því sért þú að leita þér að langvarandi maka. Reynsla okkar er sú að flestir okkar notenda segja að The One sé mikið skemmtilegra, heilnæmara og betra til þess að eiga samtöl.

Appið getur gert ýmislegt spennandi. Eitt af því sem við höfum aldrei gert og teljum beinlínis hefta notendur er að áhugamál ráði því hver framtíðarmaki þinn geti orðið. Fólk getur vel fundið ástina í einhverjum

„Það kemur ekki á óvart að notendur sæki í meiri mæli í öpp eins og The One. Við höfum í raun aldrei séð eins mikla notkun og niðurhal og síðustu daga og erum alsæl með að geta aðstoðað fólk í leit að ástinni þrátt fyrir erfiðleikana.

Davíð Örn Símonarson

sem deilir sama áhugamáli en það er gamaldags hugsunarháttur, að okkar mati, að það sé rétt leið til að tengja saman fólk. Aftur á móti teljum við lífsskoðanir og stefnu í lífinu vera hluti sem geta haft áhrif á makaval. Það er samt alltaf vandamálum háð að leggja persónulegt mat á hvað virkar og hvað virkar ekki fyrir heildina því við erum eins ólík og við erum mörg og það sem virkar fyrir einn virkar ekki fyrir annan. Við erum samt byrjuð að þróa algrím (e. Algorithm) sem lærir að lesa í virkni og þarfir notenda okkar,“ útskýrir Davíð og bætir við að þótt stefnumótaöpp hafi undanfarin ár fengið mikinn meðbyr er enn mikið af einhleypu

fólki, sérstaklega 30 ára og eldra, sem þorir ekki að prófa þessa leið. Við skiljum vel að þetta getur verið feimnismál fyrir marga en við viljum hvetja alla til að prófa og segjum: Hvort viltu láta feimni eða óöryggi halda aftur af draumum þínum eða ríða á vaðið, hoppa í djúpu laugina og hætta að láta skoðanir annarra stjórna þér?“

KFC

TALAÐU VIÐ VEGGINN!


Á Íslandi eru átta KFC-staðir og bílalúgur við þá alla.

Í bílalúgunni talar þú ekki við fólk heldur við vegginn.

Þú færð posann út og borgar snertilaust.

Við réttum þér ekki matinn, þú þarft bara að taka hann.

**8^x BÍLA
LÚGA**



NÝJAR SNERTILAUSAR GREIÐSLUR



Bílar & Farartæki





Nýr 2020 Renault Zoe 52 Kwh. VINSÆLAST RAMAGNSBÍLL Í EVRÓPU. Drægni 395 km. Flottasta type = Intens + Með hraðhleðslu. 5 lítr í boði á staðnum. Á GAMLA GENGINU: kr. 4.190.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka



Vissir þú að...
börn eiga rétt
að leika sér

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is


VANTAR ÞIG GLUGGAPVOTT ?
Hafðu samband og fáðu frítt verðtilboð S. 666-0163 eða hreinlatur@hreinlatur.is Kær kveðja, Hreinlatur Gluggapvottur.

Ræstingar

FYRIRTÆKJARÆSTINGAR.
Ódýrar & vandvirkar ræstingar.

Sjá www.fmjthrif.is
FMJ Þrif ehf.

Bókhald



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Málarar

Málningarþjónusta S: 782-6034.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Ársluga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Trésmíði

TRÉSMÍÐUR
tekur að sér stór og smá verk sanngjarnt verð s 8924624 net sjgverktakar@gmail.com

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantrateemple.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2019/2020 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 676, 4. júlí 2019. Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 252/2020 í Stjórnartíðindum.

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðarkvóta til fiskiskipa fyrir:

Vesturbyggð (Bíldudalur og Brjánslækur) Blönduósbrar Sveitafélagið Skagafjörður (Sauðárkrókur og Hofsó) Grýtubakkahreppur (Grenivík) Langanesbyggð (Bakkafjörður og Þórshöfn) Sveitafélagið Hornafjörður

ATH. Umsóknum skal skila í gegnum rafræna umsóknargátt, einnig skal skila staðfestingu um vinnslusamning sem viðhengi í umsóknargáttina á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is).
Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl 2020.

Fiskistofa, 26.03.2020

Bíla klúbburinn Krúser



Tilvalin dægradvöl að fara á heimasíðu bíla klúbbsins Krúser þar sem eru þúsundir ljósmynda af klassískum bílum og viðburðum á vegum klúbbsins. Verið velkomin á heimasíðuna okkar www.kruser.isBARA gaman.

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



FAST
Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is

**RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR**





Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

JUNE

FRÁ PRIMavera



Verð frá
136.600 kr.

2gja sæta sófi

Komdu og láttu lífið leika við þig í sófa frá **Vogue fyrir heimilið**
June er fáanlegur í fjölmörgum útgáfum og mismunandi áklæðum

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1764 Innréttingar Skúla fógeta brenna. Þrjár vefstofur og tíu vefstólar ásamt öðrum tækjum verða eldinum að bráð, auk hráefnis og fullunnins varnings.

1884 Fyrsta langlínusímtal sögunnar á sér stað þegar hringt er á milli New York og Boston.

1943 Breski togarinn War Grey er staðinn að ólöglegum veiðum við Stafnes. Togarinn siglir af stað áleiðis til Englands með stýrimann varðskipsins Sæbjargar um borð og stöðvar ekki fyrr en varðskipið Ægir hefur skotið að honum þrjátíu skotum.

1963 Mikill jarðskjálfti, um sjö stig, á upptök sín norður af mynni Skagafjarðar. Skjálftinn finnst víða og flýja sumir hús sín.

1981 Stór bilasýning, Auto '81, er haldin í Reykjavík. Þar eru meðal annars bílar af gerðunum Rolls Royce og Lamborghini.

1993 Jiang Zemin tekur við embætti forseta Kína.



„Þetta pontufyrirkomulag er ekki fullkomið enda engir tveir metrar milli fólks þar,“ segir Þórhildur Sunna. FRÉTTABLAÐID/ANTON

Öll mál Alþingis tengjast kórónaveirunni beint

Fáir sitja þéttar í sínum vinnuaðstöðum en þingmenn í þingsölum. Það á bæði við á Alþingi Íslendinga og öðrum þjóðþingum heimsins. En nú hafa reglur um nánd verið hertar og aðstöður eru því breyttar á Alþingi eins og Þórhildur Sunna þingmaður lýsir.

Við erum mjög lítið í þinghúsinu þessa dagana, bara þeir sem nauðsynlega verða að mæta á svæðið, segir Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, spurð út í nýtt vinnufyrirkomulag alþingismanna vegna kórónaveirunnar. „Við höfum skrifstofur nálægt þinginu, hver þingmaður fyrir sig, og svo er þinghúsið nokkuð rúmgott, sérstaklega þegar svona fáir mæta,“ lýsir hún.

Eins og sést í sjónvarpinu fara þingmenn enn þá upp í pontu til að skiptast á skoðunum. „Breytingin er einna helst sú að það eru miklu færri sem taka þátt í umræðum nú en venjulega, oftast bara einn eða tveir fulltrúar frá hverjum þingflokki og við pössum að hafa gott bíl á milli okkar. Þetta pontufyrirkomulag er ekki fullkomið enda engir tveir metrar milli fólks þar, með forsetann á bak við ræðumann og starfsmann forseta við hlið hans. En ég hef ekki skynjað vilja til þess að skipta um sal hingað til,“ segir Þórhildur Sunna. Hún kveðst ekki hafa séð þingmenn ganga með hanska til að verjast smiti en hins vegar suma



Mér finnst stjórnin leggja fullmikla áherslu á að vernda efnahag miðaldra, vel settra karla sem þurfa vissulega hjálp líka, en þeir þurfa kannski ekki næstum því alla hjálpinu sem verið er að veita.

starfsmenn. „Svo er spritt úti um allt,“ tekur hún fram.

Á nefndarsviði segir Þórhildur Sunna tvö herbergi nógu stór til að halda tveggja metra bilinu milli fólks þó öll nefndin mæti. „En flest nefndarstörf liggja niðri núna og þær nefndir sem funda nota mikið fjarfundabúnað.“ Hún segir þingflokk Pírata bara halda fjar-

fundi þessa dagana og það fyrirkomulag gagnast vel innan þingsins líka. „Við Píratar höfum reyndar alltaf notast töluvert við fjarfundabúnað þannig að okkur finnst það hvorki nýtt né framandi.“

Alþingi er búið að slá öllum málum á frest sem ekki tengjast kórónaveirunni og ástandinu af hennar völdum, að sögn Þórhildar Sunnu. Sjálf kveðst hún vera að berjast fyrir því að ríkisstjórnin hjálpi öllum á Íslandi í gegnum þessa erfiðleika. „Mér finnst stjórnin leggja fullmikla áherslu á að vernda efnahag miðaldra, vel settra karla sem þurfa vissulega hjálp líka, en þeir þurfa kannski ekki næstum því alla hjálpinu sem verið er að veita. Svo vil ég passa vel upp á mannréttindi og frelsi. Á neyðartímum er mikilvægt fyrir stjórnarandstöðu að fylgjast vel með því að ekki sé of langt gengið í frelsisskerðingu,“ segir hún og bætir við. „Ríkisstjórnin hefur staðið sig nokkuð vel í því að skerða ekki frelsi eða fara fram hjá reglum að öþörfu, í nafni neyðarástands, en ég fylgist áfram með til öryggis.“

gun@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma, **Ingigerður Jóhannsdóttir**

lést á Hrafnistu við Boðaping þann 13. mars sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Björn M. Sæmundsson

Porkell Björnsson
Sæmundur Egill Björnsson
Hanna Jóna Björnsdóttir
Helga Björnsdóttir

Aðalsteinn Arnar Halldórsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir til allra sem auðsýndu samúð og hlýhug við andlát og útför **Hrafnhildar Halldórsdóttur** heimilisfræðikennara,

sem lést 14. mars sl. og jarðsöngin var frá Garðakirkju 24. mars sl. Þökkum sérlega virðingarverða og nærfærna umönnun starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Söltúni.

Hildur, Þorleikur, Halla Margrét og Ólafía Ása
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, **Ása Gunnarsdóttir**

Furugerði 1, Reykjavík,

lést föstudaginn 20. mars á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Gunnar H. Egilson
Helga Egilson
Nana Egilson

Dagný Helgadóttir
Stefan Hansen
Gunnar Kári Magnússon
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi, **Róbert Magni Jóhannsson** frá Eskifirði, Kórsölum 1, Kópavogi,

lést á Landspítalanum föstudaginn 20. mars. Vegna aðstæðna í samfélaginu verður tilkynnt um útför og minningarathöfn síðar.

Guðbjörg Elsa Egilsdóttir

Egill Róbertsson
Jóhann Róbertsson
Helga Róbertsdóttir
Þorbjörg Róbertsdóttir
Guðrún María Gísladóttir
Kristín Jónsdóttir
Stefán Karl Jónsson
Páll Viðar Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Þökkum hlýjar kveðjur, samúð og vinarhug vegna andláts ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu, **Vilborgar Sigurðardóttur**

sem lést 15. febrúar síðastliðinn.

Víkar Pétursson

Jón Ólafsson
Halldór Ólafsson
Alexandra Jónsdóttir
Ólafur Birgir Jónsson

Sigrún Birgisdóttir

Anastasia Jónsdóttir
Anna Vilborg Jónsdóttir



Okkar ástkæri, **Róbert Jón Jack**

lést á Landspítalanum 18. mars sl. í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu fer útför fram með nánustu aðstandendum. Minningarathöfn fer fram síðar.

Sigrún Jóna Baldursdóttir, Vigdís Linda Jack og Björgvin Ibsen Helgason, Baldur Þór Jack og Kolbrún Lis Viðarsdóttir, Heiða Hrunð Jack. Sigrún Ruth, Snæbjörn Helgi, Róbert A., Arnþór Bjartur, Birkir Hrafn og Bjarni Þór

Opel Ampera-e

VERÐLÆKKUN Á 100% RAFBÍL! Afsláttur allt að 600.000 kr.



Ampera-e Premium Lúxus útgáfa

Verð áður: 5.590.000 kr.

Verð núna: 4.990.000 kr.

Verðlækkun: 600.000 kr


Sjá ríkulegan staðalbúnað á benni.is

Opel styður við íslenska rafbílavæðingu!

Opel og Bílabúð Benna eru í góðu samstarfi sem nú hefur leitt til veglegrar verðlækkunar á fjölskyldubílum Ampera-e.

Kynntu þér kjörin á einum magnaðasta rafbíl götunnar!

Opel Ampera-e er til afgreiðslu strax.



OPEL GOES ELECTRIC

60 kWh battery | 360 Nm | 200 hestöfl | 423 km. drægni samkv. WLTP

BENNI.IS

Reykjavík
Krókhálsi 9
Sími: 590 2020

Opið
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílabúð
Benna



Þarna eru oft finar myndir sem fólk fær á góðu verði, segir Sólveig Vilhjálmsdóttir, deildarstjóri vefuppboða hjá Fold FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Skemmtilegast að gramsa í kössum

Á tímum eins og þessum er þægilegt að vera heima og bjóða þar í listaverk í gegnum netið. Sólveig Vilhjálmsdóttir er deildarstjóri vefuppboða hjá Fold uppboðshúsi.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Sólveig Vilhjálmsdóttir er listmunasali og deildarstjóri vefuppboða hjá Fold uppboðshúsi á Rauðarárstíg. Vefuppboðin eru haldin reglulega og þar má gera afar góð kaup í myndlist og alls kyns munum.

„Netuppboðin byrjuðu árið 2011 og við fíkrúðum okkur smám saman áfram með það hvað henti að setja á slík uppboð. Þau eru eins konar viðbót við hefðbundnu myndlistaruppboðin sem Fold uppboðshús heldur reglulega. Við fórum að taka ýmislegt annað en myndlist á netuppboðin, eins og postulínsstytur, postulínsborðbúnað, silfurborðbúnað, kristal og fleira. Þegar við metum þannig verk

höfum við til hliðsjónar verðmat í Danmörku,” segir Sólveig.

Spurð hvað seljist best segir hún: „Það er mjög misjafnt. Við höfum haldið mjög flott uppboð á silfurborðbúnaði. Ef við fáum stór silfur sett þá skiptum við þeim niður. Fólk er ekki að kaupa heil sett heldur vill bæta við settið sem það á vegna þess að fjölskyldan hefur stækkað eða eitthvað hefur týnst úr silfrinu. Það sama á við um postulínsborðbúnaðinn.“

Öskubakkar fá nýtt hlutverk

Sólveig segir að sér finnist skemmtilegast að fá að gramsa í kössum. „Ég elska að fá kassa sem ég get tekið upp úr og spáð í hvað hefur gildi. Verðmæti hlutanna er misjafnt. Sumt er ekki sérstaklega verðmætt en hefur tilfinningagildi fyrir einhvern. Fyrir stuttu komu hingað gömul glös frá Loftleiðum. Maður keypti þau handa konunni sinni því hún hafði unnið

FYRIR STUTTU KOMU HINGAÐ GÖMUL GLÖS FRÁ LOFTLEIÐUM. MAÐUR KEYPTI ÞAU HANDA KONUNNI SINNI ÞVÍ HÚN HAFÐI UNNIÐ ÞAR EITT SUMAR SEM FLUGFREYJA. KONAN VARÐ HIMINGLÖÐ.

þar eitt sumar sem flugfreyja. Konan varð himinglöð,” segir Sólveig.

Finar myndir á góðu verði

Sumt selst þó illa eða alls ekki. „Postulíns kaffikönnur seljast til dæmis mjög hægt því fólk er hætt að bera fram kaffi í þeim og teskeiðin er dottin út. Öskubakkar seljast ekki lengur, nema hönnuðurinn sé þekktur. Ef ekki er sigaretturauf á öskubakkanum er hægt að finna honum nýtt hlutverk og notagildi

og þá geri ég hann að kertabakka. Fólk vill kaupa kertabakka.“ Málverkauppboð eru reglulega haldin á netinu. „Þau hafa breytt hefðbundnu málverkauppboðunum,” segir Sólveig. „Við höfum fækkað þeim og þar afleiðandi fara fleiri málverk á netuppboð. Þarna eru oft finar myndir sem fólk fær á góðu verði og í nýjum ramma eru þær hóbýlaprýði.“

Uppboð hefjast á hverjum laugardegi og standa yfir mislangan tíma, í viku eða tvær eða lengur. „Fólk getur komið hingað með muni og við metum þá. Það er líka hægt að senda okkur tölvupóst eða hringja,” segir Sólveig.

Hún segir aðsókn á netuppboð á tímum kórónaveirunnar vera fína. „Það er mjög þægilegt að bjóða í listaverk heima hjá sér. Á vefnum okkar er mynd af þeim og svo eru þau vitanlega til sýnis hér á staðnum.“

Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Föstudagur

hvar@frettabladid.is

27. MARS 2020

Hvað? Á krossgötum með Sævari Helga og Elínu Björk
Hvar? Á Stundin.is og Facebooksíðu Stundarinnar og Menningarhúsanna í Kópavogi
Hvenær? 13.00
Sævar Helgi og Elín Björk veðurfræðingur spjalla um loftslagsmál, loftgæðamál, veður og veirur á Náttúrufræðistofu Kópavogs.



Eiríkur Örn Norðdahl.
Góð bóksala

Miðað við aðstæður þá er bóksalan fín, allar verslanir Eymundsson eru opnar nema í Kringlunni er ein verslun í staðinn fyrir tvær. Undanfarna daga hefur verið mest sala í kiljum, eins og sést á metsölulistanum, og svo hefur sala í handavinnubókum, líkamsræktarbókum og ýmiskonar afþreyingarbókum aukist,” segir Margrét Jóna Guðbergsdóttur, vörustjóri íslenskra bóka hjá Pennanum Eymundsson, en Fréttablaðið hafði samband við hana til að kanna bóksölu. „Vefurinn hefur líka sprungið út, mun fleiri panta en áður og við erum að keyra pantanirnar strax heim til fólks. Fyrir börn sjáum við aukningu í alls konar föndur- og þrautabókum. Það eru svo að koma nýjar bækur, ætli það séu ekki 10-12 nýir titlar sem koma í vikunni.“

Á nýjasta metsölulista Eymundsson er bókin Glæpur við fæðingu í efsta sæti, en bókin hefur slegið í gegn hér á landi. Í öðru sæti er Bláleiftur, glæpasaga eftir Ann Cleaves og Eiríkur Örn Norðdahl er í þriðja sæti með bók sína Brúin yfir Tangagötuna.

Ráðgátan um píanósnillinginn Sviatoslav Richter

TÓNLIST

Richter: The Enigma

★★★★★

Bruno Monsaingeon

Richter The Enigma, heimildarmynd á Youtube.

„Flensan hans Richters – humm, humm!“

Þessi skrátna fyrirsögn birtist á sínum tíma í frönsku dagblaði. Tilefnið var að rússneski píanósnillingurinn Sviatoslav Richter var enn einu sinni búinn að aflýsa tónleikum sem hann átti að halda. Hann var alræmdur fyrir það. Ástæðan var ekki sú að hann væri slæmur til heilsunnar. Hann bara vildi ekki plana líf sitt langt fram í tímann, eins og tónleikahaldarar og sinfóniuhljómsveitir þurfa því miður að gera.

Richter langaði til að vera frjáls, spila fyrir fólk þegar hann var þann-

ig stemmdur, hvort sem það var í litlum eða stórum sal, heimsborg eða smáþorpi. Honum var alveg sama hvar.

Núna þegar COVID-19 geisar og öllum tónleikum hefur verið aflýst, þá er tilvalið að horfa á YouTube í staðinn. Nánar tiltekið á heimildarmynd eftir Bruno Monsaingeon sem ber heitið Richter-The Enigma. Hún er í tveimur hlutum sem hvor um sig er næstum einn og hálfur tími á lengd. Þetta er frábær heimildarmynd um klassíska tónlist, hægt er að horfa á hana aftur og aftur.

Einn mesti píanóleikari sögunnar

Myndin er frá árinu 1998 og var tekin rétt áður en Richter dó. Hann var einn mesti píanóleikari sögunnar, en samt, furðulegt nokk, næstum sjálf lærður. Afar mikið af myndefni er til með honum frá ýmsum tímabilum. Þetta eru sjónvarpsupptökur



Sviatoslav Richter vildi alls ekki plana líf sitt langt fram í tímann.

af ótal tónleikum þar sem hann er að spila æsilega tónlist eftir Chopin, Liszt, Prókofíev, Rakhmanínoff, Sjostakóvitsj og fjölmarga aðra. Það eru flugeldasýningar, en einn-

ig hástemmd, mergjuð augnablik.

Richter mundi tímana tvenna. Hann þekkti persónulega Prókofíev, Sjostakóvitsj og Britten, og ein upptakan í myndinni er einmitt af honum og hinum síðastnefnda þar sem þeir spila sönötu eftir Mozart á sitt hvort píanóið. Flutningurinn er dásamlegur, tónlistin rennur áfram án fyrirstöðu. Laglinurnar eru mótaðar af smekkvísi og því líkum innblæstri að maður hlær og grætur í senn.

Talinn hryðjuverkamaður í jarðarför

Richter spilaði líka í jarðarför Stalíns. Það var sérkennileg uppákom. Hann valdi að leika jarðarfaramars úr sönötu eftir Beethoven, en ekki tókst betur til en svo að pedallinn á píanóinu var bilaður. Richter greip því nálæga nótnabók til að setja undir pedallinn svo hann virkaði. Þá varð uppi fótur og fit

því folkið í kring hélt að hann væri hryðjuverkamaður að koma fyrir sprengju. Hann var í snarhasti fjarlægður með valdi.

Mikið er af svona sögum í myndinni, og fyrir bragðið upplifir maður ekki bara tónlistina beint í æð, heldur eru frásagnirnar og vangavelturarnar um menn og málefni stórskemmtilegar.

Best af öllu er að Richter er hógvæ og ávallt heiðarlegur. Hann er líka gagnrýninn á aðra og margar athugasemdir hans um samferðamenn í myndinni eru meinfyndnar og koma oft á óvart. Og samt gagnrýnir hann sjálfan sig harðast og vægir sér aldrei. Það er ekkert humm humm þar.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Frábær heimildarmynd sem tilvalið er að horfa á þegar maður kemst ekki á tónleika.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Egg og Beikon

Alltaf íslenskt



598 kr./pk.

Bónus Egg
10 stk., 675 g



1.698 kr./kg

Bónus Beikon
Íslenskt



195 kr./2 l

Pepsi Max, 2 lítrar
Pepsi, 2 lítrar



279 kr./pk.

Bónus Kleinuhringir
6 stk. í poka

Fyrir u.þ.b.
15 vöfflur



298 kr./pk.

Bónus Vöfflumix
475 g

**ALLTAF
NÝBAKAÐ**



198 kr./stk.

Bónus Tebolla
Með súkkulaði, Nýbökuð



359 kr./stk.

Myllan Heimilisbrauð
770 g



179 kr./70 g

Salt Skum, 70 g, Surt Skum, 70 g
Supersurt Skum, 70 g



198 kr./1 kg

Bónus Grautargrjón
1 kg



598 kr./pk.

Lucky Charms Morgunkorn
419 g



598 kr./pk.

Kellogg's Corn Flakes
1 kg



Verð gildir til og með 29. mars eða meðan birgðir endast.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

ÍSLENSKT
Svínakjöt



1.579 kr./kg

Ali Grísalundur
Ferskar, uppbítt



1.479 kr./kg

Bónus Hamborgarhryggur
Nýreyktur, með beini



Komnir aftur!

1.895 kr./pk.

Chick'n Kjúklingavængir
Hot Wings, frosnir, 2,5 kg



ÍSLENSKT
Lambakjöt



2.998 kr./kg

KS Lambaprime
Ísland, frosið




3.998 kr./kg

KS Lambafillet
Ísland, frosið



1.198 kr./kg

KS Lambalæri
Ísland, frosið



Réttur mánaðarins



Góður
Geymslutími




1.598 kr./stk.

Bónus Súpur
1-1,2 kg, 6 teg.



FULLELDAÐ
Aðeins að hita



1.298 kr./pk.

Bónus Hakkbollur
og kartöflumús, 1,2 kg

BONUS

EKKERT
BRUÐL



NÚLLSTILLING



Í dag kl. 16 – RÚV 2

Bein útsending frá Eldborg í Hörpu þar sem RÚVnúll kemur sér fyrir alla virka daga meðan samkomubann varir, tekur púlsinn á unga fólkinu og fær góða gesti í settið.



Í kvöld kl. 20.25 – RÚV

Farið yfir málefni líðandi stundar, brakandi ferskt tónlistaratriði og ómissandi innslag Berglindar Festival. Gestir þáttarins eru Bogi Ágústsson, Nína Dögg Filippusdóttir og Víðir Reynisson. Teitur Magnússon flytur tónlistaratriði.



Í kvöld kl. 21:05 – RÚV 2

Afmælistónleikar hljómsveitarinnar Valdimars í beinni útsendingu.

DAGSKRÁ

Föstudagur

HRINGBRAUT

20.00 Bilalíf (e) Bilalíf er fjörlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.
20.30 Fasteignir og heimili (e) Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.
21.00 21 - Úrval á föstudegi Samantekt úr bestu og áhuga-verðustu viðtölunum úr Tuttugu-ogeinum í liðinni viku.
21.30 Saga og samfélag (e) Saga og samfélag er þáttur þar sem mál-efni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
09.00 Ferðastiklur – Reykjanes-skagi
09.40 Vesturfararnir: Kyrrahafs-ströndin
10.25 Skólahreysti
11.10 Veröld Ginu
11.40 Hyde Park on Hudson
13.10 Ævar vísindamaður
13.35 Kastljós
13.50 Menningin
14.00 Blaðamannafundur vegna COVID-19
14.40 Landinn
15.10 Gettu betur 1998 ME - FB
16.15 Háski – fjöllin rumska
Óttinn við fjallið Í fyrsta þætti er fjallað um einangrað bæjarfélag og lífshættulegar aðstæður í fjallinu ofan við bæinn. Farið er yfir dagana fyrir flóðin og sagt frá fólkinu sem lenti í fyrra flóðinu.
17.00 Poirot – Laufakóngurinn
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Hvergidrengir
18.27 Málið Málið - þáttur 7
18.38 Úti í umferðinni: Úti að leika Erlen er úti að leika sér með bolta og kemst að því að það er mjög mikilvægt að velja sér öruggan stað þegar maður leikur sér úti. Og það má aldrei hlaupa á eftir bolta sem rúllar út á götu!
18.40 Krakkafréttir vikunnar
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.40 Herra Bean Sígildir breskir gamanþættir frá árunum 1990-1995 um ævintýri hins seinheppna herra Bean. Aðalhlutverk: Rowan Atkinson.
20.10 Poppkorn – sagan á bak við myndbandið Írafár – Lífið
20.25 Vikan með Gísla Marteini
21.10 Séra Brown
22.00 Marauders – Ræningjar Spennumynd frá 2016 með Bruce Willis í aðalhlutverki. Eftir ofbeldisfullt bankarín beinist grunur lögreglunnar fljótlega að eiganda bankans og nokkrum valdamiklum viðskiptafélögum hans. En þegar sams konar rán er framið í öðrum banka komast rannsakendur málsins að því að um mun stærra og flóknara samsæri er að ræða. Leikstjóri: Steven C. Miller. Önnur hlutverk: Christopher Meloni, Dave Bautista og Adrian Grenier. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
23.45 The Man Who Knew Infinity Maðurinn sem skildi óendanleikann
01.30 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Highlights Hápunktarnir á PGA-mótunum.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 96,3 FM Suðurland	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,9 Lindin
FM 89,5 Retro	FM 93,5 Rás 1	FM 96,7 Lítt Bylgjan	FM 99,4 Útvarp Saga	
FM 90,1 Rás 2	FM 95,7 FM957	FM 97,7 X-ið	FM 100,5 K100	

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
07.00 Ísland vaknar Bein útsending frá morgunþætti K100.
11.45 America's Funniest Home Videos
12.15 Dr. Phil
13.00 Everybody Loves Raymond
13.25 The King of Queens
13.45 How I Met Your Mother
14.10 Dr. Phil
14.55 Family Guy
15.20 A Million Little Things
16.15 Malcolm in the Middle
16.35 Everybody Loves Raymond
17.00 The King of Queens
17.20 How I Met Your Mother
17.45 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 Happy Together (2018)
19.40 Black-ish
20.10 Morning Glory
21.55 Star Trek Into Darkness Þegar áhöfn Enterprise geimskipsins er kölluð heim, þá uppgötvar hún hryðjuverkaðgn innan eigin raða.
00.10 World Trade Center
02.15 G.I. Joe. The Rise of Cobra
04.10 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Heimskviður (30 af 45)
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Glans
17.00 Fréttir
17.03 Lestarklefinn
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Flugur: Söngkonan Erla Stefánsdóttir
19.45 Lofthelgin
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvölddsagan. Konan við 1000 gráður (13 af 41)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Passíusálmar (39 af 50)
22.15 Samfélagið
23.05 Lestarklefinn
00.00 Fréttir
00.05 Nætúrútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.10 Sweet Home Carolina
12.30 October Sky
14.15 Ocean's 8
16.00 Sweet Home Carolina
17.25 October Sky
19.10 Ocean's 8
21.00 Madame
22.25 Peppermint
00.05 Death Wish
01.50 Madame

STÖÐ 2

06.50 Bitið
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Gilmore Girls
10.05 Trans börn
10.45 Tribe Next Door
11.30 Jamie's Quick and Easy Food
11.55 Suður-ameríski draumurinn
12.35 Nágrannar
12.55 Wall Street
14.55 The Apollo
16.35 I Feel Bad
16.55 Modern Family
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
19.10 Föstudagskvöld með Gumma Ben og Sóla
20.00 Just Married
21.35 Robin Hood
23.30 Black Swan
01.15 Simple Favor
03.10 The Aftermath

STÖÐ 3

15.20 The Simpsons
15.40 Friends
18.50 Friends
19.15 The Middle
19.35 The Goldbergs
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Simpsons
21.05 Angie Tribeca
21.25 Bob's Burgers
22.10 True Detective
23.05 The Originals
01.10 The Originals
01.50 The Middle
02.10 The Goldbergs

STÖÐ 2 SPORT

07.00 Goðsagnir
11.45 Goðsagnir
12.35 1 á 1. Eiður Smári
13.00 La Liga World
13.30 Meistaradeild Evrópu – fréttapáttur
13.55 Sportið í kvöld
15.00 Sportið í dag
16.00 Breiðablik - Víkingur Ó.
18.30 Talking Football. Íñaki Williams and Ángel Iribar
18.55 Best of the Season 2019-20
19.25 Dominos körfuboltakvöld
21.00 Stöð 2 á NBA leik árið 1988
21.50 NB90's. Vol. 1
23.25 NB90's. Vol. 5
23.45 NBA Originals
00.35 NBA Originals
01.20 Sportið í dag

STÖÐ 2 SPORT 2

10.00 ÍR - Selfoss
11.25 Selfoss - Valur. Leikur 1
13.15 Valur - Selfoss. Leikur 2
14.45 Selfoss - Valur. Leikur 3
16.10 Haukar - Selfoss. Leikur 1
17.30 Selfoss - Haukar. Leikur 2
19.00 Haukar - Selfoss. Leikur 3
20.35 Selfoss - Haukar. Leikur 4
22.10 Annáll 2019
23.35 Alfreð Gíslason
00.40 Dominos körfuboltakvöld

STÖÐ 2 SPORT 3

08.00 Stjarnan - Grindavík
09.35 Grindavík - Stjarnan
11.30 Stjarnan - Keflavík
13.15 Grindavík - KR
14.50 Grindavík - KR
16.30 KR - Njarðvík
18.35 Snæfell - Keflavík
19.50 Tindastóll - KR
21.40 KR - Grindavík
23.30 Valur - Keflavík. Leikur 3



SENDUM SAMDÆGURS

á höfuðborgarsvæðinu - alla daga vikunnar
blomaval.is

POTTA PLÖNTUR

Fáðu sent heim samdægurs, mikið úrval

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



-30%

Friðarlilja
17 cm pottur

2.990kr

~~4.290kr~~

11328416



-30%

Fiðlufíkus
17 cm pottur

5.449kr

~~7.790kr~~

11328616



-33%

Rifblaðka
Monstera
í 15 cm potti

2.990kr

~~4.490kr~~



-30%

Sómakólfur
14 cm pottur

2.790kr

~~3.990kr~~

11328092

Vorerikurnar eru komnar

Vorerikur
Blómopottar seldir sér.

599 kr./stk.



Blómin heim!

Sendum samdægurs
á blomaval.is

Túlípanar 10 stk.

1.490kr



Opið í öllum verslunum Blómavals

Virðum fjöldatkmarkanir og leiðbeiningar Almannaþingarinnar

Sjá afgreiðslutíma á blomaval.is

Dagskráin á Hringbraut

21



Fréttir og fagmennska

**Linda Blöndal og Sigmundur
Ernir** stjórna **fréttapættinum 21**
á **Hringbraut** á **hverju kvöldi**
frá **mánudegi** til **fimmtudags**
og spegla þar **þjóðfélagið** í sinni
margbreytilegustu mynd á
upplýsandi og **áhugaverðan** hátt

h

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING á Hringbraut

Fylgstu með!



Karitas fann að það lifnaði yfir sköpunargleðinni eftir fæðingu sonar hennar. FRÉTTABLAÐID/ERNIR EYJÓLFSSON

Fannst hún ekki heil án samþykkis annarra

Karitas Harpa Davíðsdóttir gaf út lagið *Running* á dögunum. Myndband við lagið kom út í byrjun vikunnar. Lagið fjallar um ferðalag hennar í leit að sjálfssátt. Karitas Harpa komst á sjónarsvið Íslendinga þegar hún sigraði í *The Voice* fyrir þremur árum.

Nú á dögunum gaf söng- og útvarpskonan Karitas Harpa Davíðsdóttir út lagið *Running*. Karitas, sem sigraði í *The Voice* á Íslandi árið 2017, sótti lagasmiðanámskeið sama ár en hafði engar sérstakar væntingar um hvernig það myndi þróast.

„Ég var nokkuð viss um að ég væri söngkona sem gæti ekki samið sín eigin lög. Hafði bitið það í mig bara sem barn. Birgir Örn Steinarrson náði einhvern veginn að sannfæra mig um að allir gætu samið tónlist, hann getur verið mjög sannfærandi. Lokaverkefni námskeiðsins var að taka upp prufu að eigin lagi, þar varð *Running* fyrst til. Ég hafði sest niður með ukulelið mitt eitt kvöld og ákveðið að prófa og það einhvern veginn kom af sjálfu sér,“ segir hún.

Var í mikilli sjálfsskoðun

Karitas segist hafa klárað textann kvöldið áður en hún var á leið í stúdíó að taka það upp.

„Ég var ein heima, föst í kviksyndi hugsana minna en textinn kom saman og varð eins konar öður til sjálfssáttar. Ég, eins og margir, hef átt við ýmis sjálfsmýndar- og sjálfsöryggisvandamál að stríða. Ég hafði verið í mikilli sjálfsskoðun og vinnu á þessum tíma. Ég var loks að gefa mér tíma í að gera það sem ég virkilega vildi vera að gera; tónlist. Eftir að vera búin að vera einstæð mamma í svolitinn tíma, hafði ég alveg átt minar stundir af stundum þar sem mér fannst ég ekki vera heil nema með samþykki annarra,“ segir hún.

ÉG HEF MIKLU MEIRI TRÚ Á MÉR SEM LISTAMANNI OG HREINLEGA MANNESKJU Í DAG.

„Ég var bara eitthvað rosalega týnd og samdi þá textann um ferðalag sjálfsins í átt að sjálfssátt.“

Óléttan tók á

Hún segist hafa ákveðið að sitja á laginu í einhvern tíma. Hana langaði að gera eitthvað meira með það en var ekki alveg viss hvað það væri.

„Ég var að stiga mín fyrstu skref inn í þennan tónlistarheim og átti erfitt með að átta mig á hvernig ég færi best að. Það var ekki fyrr en fyrir *Airwaves* 2018 sem ég fór til Stefáns Arnar og hann sagði mér að búa til grunninn að þessu lagi og einu öðru sem ég gat flutt þá á *Airwaves*. Á þessum tíma er ég orðin ólétt. Áður en ég varð ólétt var ég á leið í blússandi siglingu að semja tónlist og ætlaði að gefa út plötu 2019. Óléttan tók á mína andlegu hlið svo ég í raun endaði með því að setja þann draum á hilluna í bili.“

Nýtt myndband

Það er ekki fyrr en yngri sonur Karitasar er fæddur sem hún ákveður að rífa sig upp á rassgatinu, eins og hún orðar það sjálf, og fara aftur í

stúdíó.

„Um leið og strákurinn kom í heiminn fann ég hvernig lifnaði yfir sköpunargleðinni. Ég hafði heyrt góðar sögur af Zoe Ruth Erwin og hafði hlustað á hennar eigið efni líka. Mér líkaði mjög vel hljóðheimurinn sem hún var að vinna með. Ég var örugg með að hún kæmi laginu mínu á þann stað sem ég vildi og gæti í kjölfarið sagt skilið við það og sent það út í heiminn,“ segir hún.

Myndband við lagið kom út í byrjun vikunnar.

„Ég bað hana Birtu Rán Björgvinsdóttur að hitta mig í kaffi og ræða möguleika á samstarfi. Ég var ekki með fastmótaðar hugmyndir en var glöð að heyra hvað henni þætti mikið til lagsins koma og vildi endilega vinna með mér í gerð myndbands,“ segir hún.

Margt breyst

Nú eru þrjú ár liðin frá því að Karitas sigraði í íslensku útgáfunni af *The Voice*. Hún segir margt hafa breyst síðan þá.

„Ég er búin að finna mig talsvert betur sem listamann en ég var þegar ég tók þátt. Ég var svolítið að hendast fram og aftur í því hvað ég vildi gera og hvernig listamaður ég vildi vera. Ég fór frá því að vera áhuga-söngkona í það að vinna við að koma fram. Ég hef miklu meiri trú á mér sem listamanni og hreinlega manneskju í dag, ég er orðin talsvert fróðari um tónlistarheiminn og hvernig hlutir ganga fyrir sig,“ segir Karitas.

Hægt er að nálgast lagið hennar Karitasar, *Running*, á öllum helstu streymiveitum.

AÐGERÐIR BL VEGNA COVID-19

Venjulegir opnunartímar Breyttar verklagsreglur

BL hefur tekið upp nýjar verklagsreglur í öllum sínum sýningarsölum og verkstæðum í samræmi við almennar ráðleggingar Almannaþingarinnar. Reglurnar snerta bæði starfsfólk á starfsstöðvum og viðskiptavinum fyrirtækisins, sem heimsækja sýningarsali, koma til að reynsluaka nýjum eða notuðum bíl eða koma með bíl í þjónustu.



SÝNINGARSALIR OG REYNSLUAKSTUR

Í sýningarsölum BL Sævarhöfða 2, Hyundai Kaupþúni 1 og hjá Jaguar Land Rover við Hesthál 6-8 hafa regluleg sóttþreinsiprif verið tekin upp á öllum helstu snertiflötum húsnæðis og sýningarbíla auk þess sem fjölda- og fjarlægðartakmarkanir Almannaþingarinnar eru virtar í hvívetna.


Reynsluakstursbílar eru sóttþreinsaðir á öllum helstu snertiflötum fyrir og eftir reynsluakstur. Bíllyklar reynsluakstursbíla eru sóttþreinsaðir og afhentir viðskiptavinum í lokuðum plastpoka auk þess sem viðskiptavinum er boðið upp á einnota hanska og plasthlífar yfir sæti.



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

Á þjónustuverkstæðum BL Sævarhöfða 2, Hyundai Kaupþúni 1 og hjá Jaguar Land Rover við Hesthál 6-8 hafa regluleg sóttþreinsiprif verið tekin upp á öllum helstu snertiflötum húsnæðis auk þess sem svæðaskiptingar og fjölda- og fjarlægðartakmarkanir Almannaþingarinnar eru virtar í hvívetna.

Á þjónustuverkstæðum eru allir bílar viðskiptavina nú sveipaðir plasthlíf á stýri, gírstöng, sætum og á gólfi meðan á þjónustunni stendur. Bifvélavirkjar nota einnota hanska við störf og eru allir helstu snertifletir á stjórnborði bílanna síðan sóttþreinsaðir að þjónustu lokinni. Bíllyklar viðskiptavina eru sóttþreinsaðir fyrir og eftir þjónustusköðun og afhentir viðskiptavinum á ný í lokuðum plastpoka.



24 TÍMA AÐGANGSSTÝRT LYKLABOX FYRIR AFHENDINGU

Fyrir þá viðskiptavinum sem kjósa, bjóðum við upp á 24 tíma snertilausa afgreiðslu fyrir bíla sem sóttir eru á verkstæði BL, Sævarhöfða.

Viðskiptavinir geta komið með bílinn hvenær sem er sólarhrings og skilið lyklana eftir í móttökulúgu og sótt þá síðan í aðgangsstýrt lyklabox í anddyri móttöku að viðgerð lokinni. Með þessu geta viðskiptavinir sótt bíl á verkstæði þegar þeim hentar auk þess sem þessi leið er öruggari sem vörn við smitleiðum.

SÆKJUM BÍLINN HEIM

Fyrir þá viðskiptavinum sem eiga ekki heimangengt höfum við tekið tímabundið upp þá þjónustu að sækja bílinn heim og skila aftur að lokinni þjónustu.

OPNUNARTÍMAR

Hefðbundnir opnunartímar eru á öllum starfsstöðvum BL en við bendum einnig á að hægt er að hafa samband við okkur í síma 525 8000 eða í gegnum tölvupóstinn bl@bl.is

BL ehf
Sævarhöfða 2
Sími: 525 8000

JAGUAR LAND ROVER
Hesthál 6-8
Sími: 525 6500

HYUNDAI
Kaupþúni 1
Sími: 575 1200

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



LG

100% of 45 experts recommend

1 World's Best Selling OLED Brand

ht.is

LG OLED TV

Heimilistæki

BAKÞANKAR

Pórarins Pórarinssonar

Manngerðir

Fólk sem hefur aldrei rangt fyrir sér og þarf aldrei, aldrei, aldrei að skipta um skoðun er upp til hópa skelfing leiðinlegt. Engir þó jafn þreytandi og „Nei-arnir“ sem urðu til við Icesave-stökkbreytinguna.

Fyrir sjö árum tókst frávikin, með markvissum mislestri, að gera úrskurð EFTA-dómstólsins að þinglýstu vottorði um eigin óskeikulleika og alvisku. Þeir hnarreistustu hafa síðan þá gargað sig hása gegn orkupökkum, hnattrænni hlýnun, visindum og menntun, bara svona almennt. Að ógleymdu EES og yfirleitt öllu sem frá Evrópu kemur. Nema einum tilteknum EFTA-úrskurði.

Nýjasti þyrnirinn í augunum alsjáandi eru sóttvarnavísindi langskólagenginna sem í kapphlaupi við COVID og klukkuna reyna nú í heiðarlegri örvæntingu að beita bóklerðum teórium á forðamalausar praxis.

Hávaðinn sem berst upp úr dýpstu viskubrunnunum er orðinn svo truflandi að full ástæða er til að viðauki verði gerður við Manngerðirnar, sem griski heimspékingurinn Þeófrastos skrifaði drjúgum 300 árum fyrir Krists burð.

Svo akkúrat var greining spekingsins á þrjátíu skapgerðarbestum okkar að hún hefur staðist nag tímans tannar í árþúsundir. Hann tekur til dæmis fyrir ólíkindatólið, smjaðrarann, hrokagikkinn, fruntann og dindilmennið og í krafti þess að ég ber alla þessa merkimiða ætla ég að biðja Nei-apana um að drífa sig í sjálfskipaða skoðanasóttkví.

Þið getið alveg haldið kjafti rólegir rétt á meðan enda munið þið alltaf hafa rétt fyrir ykkur óháð því hvernig þessi ósköp öll enda. Þið skrifið svo samviskusamlega það sem illa fór á aðra en færið allt sem gekk upp á eigin reikning.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk

ON THE GO

OPAL

2 TEG - 40G

169

KR/PK

4225 KR/KG

OPAL

OPAL

Kvikk

ON THE GO

ORKAN

VEFVERSLUN

www.betrabak.is

OPIN ALLAN SÖLARHRINGINN

VERSLAÐU Á www.betrabak.is

OG VIÐ SENDUM ÞÉR ÞAÐ FRÍTT

STILLANLEGIR DAGAR

25%

AFSLÁTTUR

SENDUM FRÍTT

AD SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

STILLANLEGIR DAGAR

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING

LED-vasaljós

Klukkan

Vekjaraklukkan

Upp/niður höfðalag

Upp/niður fótasvæði

Rúm í flata stöðu

2 minni

Nudd

Bylgjunudd



DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

Með Therapist heilsudýnu, 90 x 200 cm. Fullt verð: 284.900

Tilboð 213.675 kr.

Með Tempur Original, Cloud eða Firm heilsudýnu, 90 x 200 cm. Fullt verð: 384.900

Tilboð 288.675 kr.

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur

VIVANT SPLENDID ROYAL STILLANLEGT RÚM FRÁ SERTA MED HÖFUÐGAFLI

STILLANLEGT RÚM MED ÞRÁÐLAUSRI FJARSTÝRINGU SEM KEMUR ÞÉR Í ÞÁ STÖÐU SEM ÞÉR HENTAR.

Splendid Royal heilsudýnan frá Serta er fimm svæða skipt pokagorma dýna þar sem hreyfingar þínar trufla ekki rekkjunaut þinn. Góður stuðningur er við bakið en mýkra gormakerfi er við axlir og mjaðmasvæðið. Þannig liggur þú alltaf með beina hryggsúlu og nærd hámarks hvíld. Hægt er að sérsníða rúmið að þínum þörfum, velja um 3 mismunandi stífleika sem og fjórar mismunandi topp dýnur. Áklæðið utan um dýnuna er mjúkt og slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar vel.

Dýnan í rúminu er heil en efsta lag hennar fer í tvennt þegar rúmið er stillt upp, því þarftu aldrei að hafa áhyggjur af því að bil komi á milli dýnanna.

Vivant Spliced Royal stillanlegt með gafli, 2x80x200 cm. Fullt verð: 499.900

Tilboð 374.925 kr.

Aukahlutir á mynd eru náttborð.

ATH! Breyttur opnunartími

FAXAFENI 5

Reykjavík

588 8477

DALSBRAUT 1

Akureyri

588 1100

SKEIÐI 1

Ísafirði

456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI

Mán.-fös. 12-18 | Lau. 12-16

www.betrabak.is

Betra

BAK